MANNLÍF

18. TÖLUBLAÐ 39. ÁRGANGUR
FÖSTUDAGUR 16. DESEMBER 2022

Einveran á Bessastöðum

Ólafur Ragnar Grímsson:

„Ekki láta mömmu deyja“

Móðurlaus á Þingeyri

Hringborð Norðurslóða

Samson alveg eins og Sámur

FRÍTT eintak

BAKÞANKASPEGILLINN • MENNINGARMOLAR • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ

VÖNDUÐ ÍSLENSK HÖNNUN

Gleðilega hátíð

BRANDSON

BRANDSON.IS









HÓTELREKSTUR OG HEIMILI

Þar sem jólagleðin hefst - heima hjá þér



Hátúni 6a, 105 Reykjavík | Sími 822 1574 | hotelrekstur.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason / **Útgáfustjóri:** Katrín Guðjónsdóttir **Gæðastjóri:** Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir / **Auglýsingastjóri:** Thelma Logadóttir **Ljósmyndari:** Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svava Jónsdóttir.
Útgáfufélag: Sólartún ehf.



EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 4
Leiðarinn 6
Fjölmiðlapistillinn 8
Orðrómur 8
Sjóarinn 10
Fréttamálið 12
Viðtalið 18
Baksýnisspegillinn 30
Helgarpistillinn 34
Lífsreynslusagan 36
Listin 38
Útivist 44
Stækkunarglerið 46
Vín og matur 48
Síðast, en ekki síst 50

Í GÓÐUM MÁLUM

Umsjón: Björgvin Gunnarsson



Unnendur góðra bóka eru í afar góðum málum eins og oftast á þessum árstíma. Óvenjumargir af „stórum“ höfundum gefa út bækur fyrir þessi jól en nefna má sem dæmi þau Ólaf Jóhann Ólafsson, Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Jón Kalman Stefánsson, Sigríði Hagalín Björnsdóttur, Elísabetu Jökulsdóttur, Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur, svo þó nokkur séu nefnd. Þá eru ungir og efnilegir höfundar einnig áberandi í jólabókaflóðinu 2022 en helst ber þar að nefna Fellbæinginn Jónas Reyni Gunnarsson sem gefur út bókina Kákasusgerillinn, Emil Hjörvar Petersen með bókina Dauðaleit og Eva Björg Ægisdóttir með bókina Strákar sem meiða. Unnendur ljóða geta einnig ekki kvartað mikið því úrvalið af ljóðabókum er mjög gott en bæði má sjá þekkt skáld gefa út bækur og minna þekkt en helst ber að nefna Þórarinn Eldjárn, Gerði Kristný og Steinunni Sigurðardóttur. Þá er sjálfur Egill Ólafsson að feta nýjar brautir með ljóðabókaútgáfu sinni sem verður fróðlegt að lesa. Sem sagt, bókaunnendur eru í stórgóðum málum og mun eflaust ekki leiðast um jólin.

Í SLÆMUM MÁLUM



Íslensku jólasveinarnir, allir 13, eða voru þeir 9? Jæja, allir jólasveinarnir eru í vondum málum. Hvers vegna? Það vantar allan snjó, að minnsta kosti þegar þetta er ritað þanng sjötta desember. Og af hverju er það slæmt fyrir jólasveinanna gæti einhver spurt sig? Því að það tefur þá ósköpin öll við að komast til byggða til þess að geta skemmt börnum á skólaskemmtunum og öðrum viðburðum. Ekki geta þeir notast við skíði eða snjósleða og hvað þá uppblásnar dekkjaslöngur eins og tíðkaðist austur á Héraði í denn. Nei, þeir verða að láta sé nægja að ganga yfir fjöll og firnindi, hóla og hæðir, mela og móa. Reyndar þurfa þeir ekki að óttast það að verða úti við að skakklappast ofan úr fjöllum til að gefa í skóinn því veðrið er búið að vera svo helvíti gott undanfarið. Eitthvað er þó farið að kólna enda ekkert skrítið, það er kominn desember - og það á Íslandi. Það er því enn von um að snjórinn verði kominn þegar sá fyrsti þarf að koma gjöfum í skó barnanna.



Hönnun sem endist

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Reynir Traustason



Forsetinn sem virkjaði neitunarvaldið

Ólafur Ragnar Grímsson er einn merkasti leiðtogi okkar tíma að öðrum ólöstuðum. Hann hefur alla tíð verið umdeildur en haldið sínu striki ótrauður. Hann er sá forseti sem mótaði embætti forseta Íslands í þá veru sem nú er. Mörgum er minnisstætt þegar hann í fyrsta sinn beitti neitundarvaldi sín gegn lögum um fjölmiðla sem áttu að tryggja velunnurum Sjálfstæðisflokksins trygg völd í heimi fjölmiðlanna. Forsetinn var harkalega gagnrýndur fyrir að beita forsetaembættinu með þessum hætti í stað þess að skrifa þegjandi undir lögin, eins og venjan hafði verið. Aðrir hældu honum í hástert. Ólafur Ragnar gerði embætti forseta í ákveðnum skilningi pólitískara en áður hafði sést. Nú þykir sjálfsagt að reikna með því að forseti vísi málum til þjóðarinnar. Annað sem breyttist í forsetatíð Ólafs Ragnar var að helgislepjan sem hafði verið yfir embættinu vék. Skyndilega mátti gagnrýna forsetann opinberlega og eftirhermur fóru á kostum með karakter hans.

Ólafur Ragnar segir frá barnæsku sinni í forsíðuviðtalinu við Mannlíf. Móðir hans var með berkla og dvaldi langdvölum á heilsuhæli á Akureyri og í Reykjavík. Hann ólst upp hjá afa sínum og ömmu við móðurleysi sem mótaði hann öðrum þræði. Bréf móður hans, sem komin eru á bók lýsa vel þeim veruleika sem hún glímdi við.

Þótt forsetatíð Ólafs Ragnar hafi verið mótunarsaga embættisins, mörkuð átökum, er hún ekki endilega merkilegasti hluti lífshlaupsins. Hann var á meðal þeirra fyrstu til að vekja athygli á loftslagsvandanum. Það var áður en málefnið komst í tísku. Eftir að hann lét af embætti hefur hann verið óþreytandi að berjast fyrir hagsmunum Íslands og auðvitað allrar heimsbyggðarinnar með því að draga fólk að Hringborði Norðurslóða og vekja athygli á þeim hrikalega vanda sem heimurinn stendur frammi fyrir vegna hnattrænnar hlýnunar. Hann notar tengsl sín á alþjóðavísu til að fá áhrifafólk til að ræða þessi mál. Forsetinn fyrrverandi hefur verið vakinn og sofinn í því að vekja athygli á þeim óhugnaði sem við blasir ef ekki verður brugðist við af festu. Allt er þetta í sjálfboðavinnu, drifið áfram að hugsjón. „Það er enginn að neyða mig að gera þetta. Þetta er alger sjálfboðavinna í bestu merkingu þess orðs og meðan mér finnst gaman að þessu og það er eftirspurn eftir þátttöku minni af hverju ætti ég þá að hætta því og fara að leggjast í kör?" spyr hann í viðtalinu við Mannlíf.
Ólafur Ragnar verður áttræður á næsta ári. Hann er þó fjarri því að vilja setjast í helgan stein. Framundan eru ferðalög á næstu mánuðum víða um heim. Boðskapur hans er einfaldur. Við verðum að bregðast við. Það er vá fyrir dyrum.



Allt fyrir hljóðvistina

3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali



Byggingavöruverslun

Þ. Þorgrímsson & Co

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

Seinfeld og samfélagsrýnin



Björgvin Gunnarsson

Á Netflix kennir ýmissa misgrænna grasa þó úrvalið af kvikmyndum sé nú ekki til þess að hrópa húrra yfir á Íslandi. Annað má segja um þáttaúrvalið en magn þátta af ýmsum toga er nánast yfirþyrmandi. Þar er að finna heilan helling af stórgóðum spennuþáttum, vönduðum heimildarþáttum og drepfyndnum grínþáttum, svo eitthvað sé tínt til.

Við dóttir mín höfum haft það fyrir sið þetta árið að horfa á gömlu góðu Seinfeld-þættina á Netflix, þegar við borðum kvöldmatinn saman. Í fyrra var það hinu súrrealísku Monthy Python´s Flying Circus þættir en nú er það „gáfumannagrínið" sem einkennir Seinfeld. Og ég get sagt það með vissu að dóttur minni þykja þættirnir alveg jafn mikil snilld og mér sem segir mér að það er eitthvað meira en lítið gott spunnið í þættina.

Þættirnir, fyrir þá sem búið hafa undir steini síðustu áratugina, fjalla ekki um neitt eða það er hugmyndin hjá þeim Larry David og Jerry Seinfeld sem skrifuðu þættina. Þar er fylgst með lífi vinanna Jerry, Elaine, George og Kramer sem öll eiga það sameiginlegt að vera nokkuð illkvittin, þrátt fyrir að það sé ekki ætlunin, svona oftast. Aukapersónur þáttanna eru einnig kostulegar margar og sama má segja um foreldra Georgs og Jerry.

En þættirnir eru í raun ekki um ekkert, heldur allt.

Þeir eru nefnilega troðfullir af samfélagslegri gagnrýni sem eiga oftast jafnmikið erindi við áhorfendur og þegar þeir voru fyrst sýndir frá 1988 til 1998. Tökum dæmi. Þátturinn „The Outing" fjallar um það þegar Elaine tekur eftir því að kona er að hlera samtal hennar og Jerry á kaffihúsi og ákveður að ljúga einhverri vitleysu. Segir Elaine þannig að konan heyri vel, að þeir George Constanza og hinn frægi grínisti Jerry Seinfeld eigi í ástarsambandi. Konan reynist blaðakona sem gerir frétt um þetta ástarsamband. Hvergi er minnst á hommafordóma í þættinum en það er gefið sterklega í skyn með vandræðaleik George og Jerry og alltaf þegar þeir segja ekki vera hommar bæta þeir við „Ekki að það sé eitthvað að því!" og í fyrsta skiptið segjast þeir þekkja marga homma og hinn lygasjúki George bætir við „pabbi minn er hommi!"

Annað dæmi er þátturinn um styttuna af frumbyggjanum. Þar er málefnið kynþáttafordómar en Jerry ákveður að kaupa risastóra styttu af frumbyggja Ameríku og gefa Elaine sem sáttargjöf fyrir eitthvað sem hann hafði gert henni. Fyrir vikið er Jerry sakaður um rasisma. Á sama tíma er hann að deita konu af frumbyggjaættum og missir út úr sér ítrekaðar athugasemdir sem anga af pólitískri ranghugsun. Að setja rasisma inn í grínþátt er afar viðkvæmt en ef það er gert með húmor og til þess fallið að láta áhorfandann hugsa út í eigin hugmyndir um slík málefni, er það ekkert annað en snilld. Seinna í þættinum er George að velta því fyrir sér hvort það væri rétt af sér að spyrja asíska konu í hvaða átt nálægasta kínverska veitingahúsið sé segir Jerry „Já, ég kippi mér ekki upp við það þegar ég er spurður að því í hvaða átt Ísrael er," en hann er gyðingur. Undirstrikar Jerry svo afstöðu sína og skilningsleysi varðandi kynþáttafordóma með því að segja „veistu, ég bara næ þessu ekki" en fjölmargir Ameríkanar eru einmitt eins, þeir ná þessu bara ekki.

Ég gæti farið mun dýpra í Seinfeld þættina en lengdin á þessum pistli bíður ekki upp á það. Ég hvet lesendur til þess að skella þáttunum í gang og njóta, helst með krökkunum því þannig má læra til dæmis hvernig á ekki að bregðast við hinum ýmsu atvikum sem maður lendir í á lífsleiðinnil Og hlæja í leiðinni.

ORÐRÓMUR

Vinslit uppreisnafólks



Þríeykið **Sólveig Anna Jónsdóttir,** formaður Eflingar, **Vilhjálmur Birgisson**, formaður Verkalýðsfélags Akraness, og **Ragnar Þór Ingólfsson**, formaður VR, voru óaðskiljanleg í uppreisn sinni gegn flestum öðrum í verkalýðshreyfingunni. Stærsta stundin á samleið þeirra var væntanlega þegar þau klufu Alþýðusamband Íslands og fólk gekk út af þingi sambandsins. En nú er öldin önnur. Vilhjálmur gerði kjarasamning með félögum sínum í Starfsgreinasambandinu, sem setti allt á annan endann. Sólveig Anna og Ragnar töldu samninginn vera fráleitan á meðan Vilhjálmur hældi sjálfum sér hástert og skammaðu Sólveigu fyrir að hafa reynt að skemma fyrir sért. Nú loga eldar ófriðar á milli samherjanna og vinslit blasa við …

Slúðurdrottning Íslands



Marta Jónasdóttir, ritstjóri Smartlands, er einar snjöll að fiska upp hjónaskilnaði og aðrar hamfarir í samskiptum fólks. Nýverið fiskaði hún upp skilnað skemmtikraftsins Ara Eldjárns og eiginkonu hans, Lindu Guðrúnar Karlsdóttur ljósmyndara. Það er gjarnan staðlað, kilisjukennt niðurlag á skilnaðarfréttum Mörtu Maríu til að réttlæta umfjöllunina. "Smartland óskar þeim góðs gengis í öldugangi lífsins!" eru lokaorðin gjarnan …

Dagur á útleið



Við lok ferils **Dags B. Eggertssonar** sem borgarstjóra í Reykjavík blasir við fremur skuggaleg staða í fjármálum borgarinnar. Meirihlutinn á hinu mesta basli við að koma skikk á málin. Það mun síðan koma til kasta Einars um þar næstu áramót að axla ábyrgð sem borgarstjóri.
Efalítið verður Dagur því feginn að losna af galeiðunni. Merkja má að hann er í óða önn að undirbúa brottför sína. Aðstoðarmaður hans til fjölmargra ára, Pétur Krogh Ólafsson, hefur verið ráðinn í gott starf hjá Veitum, sem er í eigu borgarinnar. Staðan var ekki auglýst en fullyrt er að tengsl hans við borgarstjóra hafi ekkert með málið að gera …

Þorsteinn á móti mútum



Ársreikningur Samherja Holding, sem **Þorsteinn Már Baldvinsson** leiðir, inniheldur sterkan siðaboðskap. Þar er tekið af skarið með að fyrirtækið umberi ekkert svindl og svínarí. Hjá Samherja Holding er mikilvægt að unnið sé af heilindum og við líðum ekki spill-ingu af neinu tagi," vitnar Kjarninn í ársreikninginn og vitnar til þess að fyrirtækið er til rannsóknar í Namibíu og á Íslandi vegna meintra alvarlegra brota svo sem mútumála, skattasniðgöngu og peningaþvættis …

Léttari **liðir**

með töfrum túrmeriks



Fæst í næsta stórvörumarkaði og apóteki
Einnig í vefverslun **ICEHERBS**, www.iceherbs.is

NON-GMO

100% VEGAN

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Reynir Traustason



Bragi hefur bjargað þremur mannslífum:
„Það er alltaf góð tilfinning“

Þú fórst í frægan steinbítsróður.
„Hann var athyglisverður,“ segi Bragi Ólafsson í viðtali við Reyni Traustason.

Það er mesta aflaverðmæti sem línubátur hefur dregið á einum sólarhring.

„Og sérstaklega á steinbít. Við vorum að leggja af stað í róður aðfaranótt mánudags,“ segir Bragi en þeir voru þrír frá Suðureyri. „Það var 250 tonna bátur frá Hornafirði sem var á loðnu út frá Vestfjörðum og bilaði út frá Kóp sennilega. Var á reki.“ Það var kallað í nokkra frá þeim báti en ekkert gert og loks var kallað í Braga. „Mér fannst dálítið leiðinlegt að láta manninn vera þarna á reki,“ segir Bragi sem sagði við manninn að hann skyldi gera þetta ef hann fengi tryggingarnar til að samþykkja að hann fengi samanlagt aflaverðmæti tveggja báta á svæðinu. Og það var samþykkt. „Ég dró hann í land og var það tímanlega að ég gat laumast og lagt línuna út á Kóp og var með átta tonn. Hinir voru með 24 tonn. Og leggið svo saman.“

Beitningamennirnir í landi voru ekkert kátir þegar þú komst.

„Nei, þeir voru óhressir þangað til ég sagði þeim að þessu yrði skipt eins og venjulegum aflahlut. Það voru engir björgunarlaun. Þeir héldu kannski að þeir fengju bara beitningahlut úr átta tonnum en þeir fengu aflatonn úr 54.“

Það var veisla þann mánuðinn.

„Þeir urðu mjög ánægðir. Þetta er svolítið skrýtin aflasaga.“

14 ára á sjóinn
Bragi er frá Suðureyri og var á sjó í 44 ár. Frá 14 til 58 ára. Hann segir að það hafi ekkert annað verið í stöðunni en að fara á sjóinn. „Mér datt ekki í hug að fara að vinna í frystihúsi. Ég gerði það samt þegar ég var 11 ára og 13 ára. 14 ára fór ég á sjó og fór aldrei í land eftir það þangað til ég hætti. Þá var ég á trillum á sumrin og í skólanum á veturna. Á skaki og línu. Manni var kennt að vinna þarna. Það var ekkert gefið eftir.

Ég var alinn upp mikið hjá pabba sem var með stóru bátana. Freyjurnar. Ólaf Friðbertsson. Svo fór hann að kaupa trillur þegar við vorum að byrja að vaxa úr grasi til að hann hefði atvinnu fyrir strákana. Þannig byrjaði þetta.“

Árin liðu og fór Bragi svo í Stýrimannaskólann. Faðir hans lést árið 1972 og varð Bragi skipstjóri á einum bátanna.

„Það gekk rosalega vel á síldinni fyrstu þrjú árin sem hún var og það bjargaði okkur að hann var mjög skuldlítill báturinn þegar síldarleysisárin komu og þessi erfiðu ár, 1967-1969. Eftir það gekk þetta allt ágætlega.“

Jú, tíminn leið og Bragi fór suður. „Mér bauðst til að taka við togaranum Júlí sem var 1000 tonna togari í Hafnarfirði.“

Það er alvöru.

„Það er alvöru og þá byrjaði mín alvörutogaramennska.“

Bragi er spurður hvað menn þurfi að hafa sem sækja sjóinn. „Áhuga og láta ekki trufla þig. Þá gengur þetta.“

Sjúkrakassi í björgunargjöf
Bragi hefur bjargaði fólki frá drukknun. Oftar en einu sinni.

„Ég hef bjargað tveimur strákum úr höfninni á Suðureyri og einum til viðbótar úr sundlaug á Mallorca. Það er alltaf góð tilfinning af því að ég veit að í tveimur tilfellum hefði þetta ekki endað vel ef ég hefði ekki verið á staðnum.

Í fyrsta skiptið var verið að byggja höfnina á Suðureyri og voru gröfur að grafa langt niður í sjóinn. Fimm til sjö ára krakkar voru að leika sér og athuga hvað þeir gætu hlaupið nálægt kantinum. Ég var með trilluna að botnþrífa og var einn þarna og fylgdist með krökkunum. Það endaði með því eins og við var að búast – einn fór niður. Og krakkarnir hlupu allir í burtu. Hann var kominn þrjá til fjóra metra og ég náði honum upp,“ segir Bragi en báturinn var um 10 metra frá. „Ég stakk mér á eftir honum og náði honum upp. Þetta var sonur læknisins og ég fékk veglegan sjúkrakassa í björgunargjöf. Hann var alltaf um borð í trillunum.“

Bragi segir frá öðru björgunarafreki. „Við vorum að koma úr róðri og leggja að bryggju og beitningamennirnir voru komnir með balana og ég var kominn með stefnið þannig að það var á ská. Þá kom ungur drengur á hjóli, fór út í kantinn, missti jafnvægið og datt í sjóinn milli skips og bryggju. Menn voru frammi á stefni og svo voru menn í landi en menn gláptu bara. Ég sparkaði af mér skónum, kúplaði frá, stakk mér niður og náði í stráksa.“

Hann segir svo frá þriðju björguninni.

„Þá var ég úti í sólarlöndum og sat um morgun á sundlaugarkanti og fólk í kring á bekkjum. Þá tók ég eftir manni sem kom labbandi og stakk sér út í. Mér fannst vera merkilegt hvernig hann stakk sér. Hann fór einhvern veginn á bringuna og sökk svo niður og lét öllum illum látum. Ég skildi ekkert hvers lags æfingar þetta væru á manninum. Hann var lengi niðri. Svo kom hann upp á yfirborðið í augnablik. Ég heyrði eitthvað hljóð og svo sökk hann aftur. Þá sá ég að það þýddi ekkert annað en að ná í kallinn.“

Og það gerði Bragi.

Hann segir að hann hafi síðan fengið hjálp við að koma manninum upp á sundlaugarkantinn. „En það hafði enginn tekið eftir þessu. Hann hefði getað verið þarna áfram.“

Hvað kom fyrir?
„Hann var bara ósyndur. Við vorum að dæla upp úr honum og han var farinn að geta staðið upp. Svo kom konan hans og talað um hvern fjandann hann hefði verið að gera þarna ósyndur og tók hann í burtu. Ég var alltaf að vonast eftir að ég fengi bjór í verðlaun en ég sá hann aldrei meir.“

Viltu hætta að reykja?

Þú velur bragðið...



nicorette
gerðu eitthvað magnað

Nicorette lyf (innihalda nikótín) við tóbaksfíkn. Draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Lyfjatyggigúmmí er fyrir 15 ára og eldri og skal tyggja hægt og liggja í munni á milli. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni og munnholsúða skal úða í munnhol, þau eru fyrir 18 ára og eldri. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.
IS/NIC/Q/L/G/2022/02-3



Björgvin Gunnarsson

Barnafátækt á Íslandi

- Í landi auðs þar sem þúsundir barna líða skort


WESTFJORDS
est.
30/12
2000
ICELAND
FISHERMAN
ICELAND
Hangireyktur lax frá
Fisherman færir ykkur jólin
www.fisherman.is

Fréttamálið



Björgvin Gunnarsson



Ísland er meðal auðugustu landa heimsins samkvæmt nýjustu tölum. Hér er alltaf talað um velferðaríkið Ísland og stjórnmálamenn berja sér á brjóst og tala um góða stöðu þjóðarbúsins og fleira í þeim dúr. Þrátt fyrir ríkidæmi Íslands búa tugþúsundir Íslendinga undir fátæktarmörkum, þar af fleiri þúsund börn. Hvernig má það vera?

Í nýjum tölum frá Global Finance tímaritinu má sjá að Ísland er 17 ríkasta land heims, af rétt undir 200 löndum. Erum við fyrir ofan stór lönd á borð við Þýskaland, Svíþjóð, Ástralíu og Kanada en rétt fyrir neðan Austuríki, Holland og Danmörku, svo nokkur séu nefnd. Þá má nefna að í lífskjararannsókn Hagstofunnar fyrir árin 2019-2021 kom fram að íslensk heimili telja gæði eigin lífskjara í, eða nálægt, sögulegu hámarki. Þar kom fram að hlutfall heimila sem eiga erfitt með að láta enda ná saman hefði aldrei verið lægra og aldrei hefðu færri talið byrði húsnæðiskostnaðar þungan. Hlutfall heimila sem sögðust búa við efnislegan skort var nálægt sögulegu lágmarki og aldrei höfðu færri heimili sagst eiga í erfiðleikum með að mæta óvæntum útgjöldum. Ísland á sem sagt til hnífs og skeiðar. Það er að segja þjóðarbúið og meirihluti Íslendinga. En af þeim ríflega 375.000 hræðum sem hér búa eru um 9% landsmanna undir lágtekjumörkum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands en árið 2020 bjuggu 10.000 börn á Íslandi við fátækt, þar af 3.000 við sára fátækt.

Þáttur Kveiks sem birtist á skjánum fyrir tveimur árum síðan, vakti gríðarlega athygli og má segja að hafi vakið marga Íslendinga til umhugsunar en þátturinn fjallaði um fátækt á Íslandi. Þar kom fram að verst stöddu einstaklingarnir á Íslandi eru einstæðir foreldrar, öryrkjar og innflytjendur en börn sem alast upp í fátækt fá ekki sömu tækifæri og önnur börn og eru þau líklegri til að lifa við fátækt alla sína ævi. Í þættinum kom fram að hverju sinni búi um 18 til 35 þúsund manns við fátækt á Íslandi eða 5-10% landsmanna en í ár er það um 9%. Af þeim fjölda eru það um sjö til tíu þúsund sem býr við sára fátækt. Í 17 ríkasta landi heims. Árið 2020 bjuggu 11.1% barna 0-15 ára við fátækt hér við land.



Skilgreining á fátækt

Í Kveiksþættinum var rætt við einn helsta sérfræðing Íslendinga á sviði fátæktar, Kolbein Hólmar Stefánsson. Sagði hann að við þekktum fátækt er við sjáum hana en að mæla hana væri annað mál. „Við erum oft að nálgast hana með ýmsum ólíkum mælingum." Algengast sé að miða við ákveðinn punkt í tekjudreifingunni. „Og allir sem eru fyrir neðan hann á tilteknum tímapunkti eru taldir búa við alla vega aukna hættu eða auknar líkur á fátækt," sagði Kolbeinn í viðtali við Kveik. Segir í þættinum að miðað við þessa skilgreiningu „eiga allir einstaklingar sem eru með ráðstöfunartekjur undir 239.200 krónum á mánuði á hættu að búa við fátækt. Og eftir því sem fjölskyldur eru stærri, þeim mun meiri þurfa ráðstöfunartekjurnar að vera. Þannig er til dæmis viðmiðið fyrir einstæða móður með eitt barn 310.960 krónur, fyrir einstæða móður með tvö börn er það 382.720 krónur, fyrir hjón er viðmiðið 358.800 og fyrir hjón með eitt barn er það 430.560 krónur." Tekið skal fram að þessar tölur eru tveggja ára gamlar og hafa því breyst eitthvað á milli ára.

Samkvæmt þessum tölum er stór hópur fólks sem fær örorku, félags- og atvinnleysisbætur, ellilífeyri eða er í láglaunastörfum, undir lágtekjumörkum. „Við sjáum að það telst ekki búa við fátækt samkvæmt þeirri mælingu en af því að það er langvarandi þarna þá er hægt og rólega búið að éta upp allt sparifé og lánstraust og skuldirnar hafa hrannast upp þá ertu komin með fólk sem raunverulega býr við fátækt það nær ekki að standa undir nauðþurftum til dæmis," sagði Kolbeinn í Kveikþættinum margumtalaða og bætti við að um það bil þrír af hverjum fjórum einstaklingum undir lágtekjumarki, sé fólk í vinnu.

Ekki eru allir sammála að lágtekjumörkin gefi endilega skýra mynd af fátækt en önnur mæling er skortur á efnislegum gæðum. Eigi þrennt við af eftirfarandi lista, býr fólk við fátækt. Passi fleira á listanum við, býr fólk við sárafátækt.

- Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
- Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
- Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
- Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
- Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
- Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
- Hefur ekki efni á þvottavél.
- Hefur ekki efni á bíl.
- Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

Áhrif fátæktar á börn

Við sjáum tölurnar af fjölda fátækra barna og fussum og sveium en hvaða áhrif hefur fáækt á börn? Í títtnefndum Kveiksþætti er rætt við nokkra einstaklinga sem fengið hafa að kynnast fátækt á eigin skinni eða hafa unnið með börnum sem koma frá fátækum heimilum. Einn af þeim er Gunnar Ingi Gunnarsson sem ólst upp við fátækt og er enn í dag fátækur. „Móðir mín var í rauninni mestan tímann einstæð, hún er öryrki þannig að hún var aldrei með neinar tekjur og það var bara endalaus barátta," segir Gunnar Ingi. Hann hafi ekki fengið að læra á hljóðfæri né æfa íþróttir. „Það var bara alltaf sama svarið, það eru ekki til peningar fyrir þessu," sagði Gunnar í samtali við Kveik. Aðspurður hvort hann myndi eftir því að hafa verið mikið svangur sem barn játaði hann því. „Já, já, margsinnis, mjög oft."

Kveikur ræddi einnig við félagsráðgjafann Soffíu Hjördísi Ólafsdóttur sem ræddi við börn frá 7 til 12 ára sem áttu foreldra sem þáðu félagsbætur frá Reykjavíkurborg. Benti hún á að fátæktinni fylgir oft félagsleg útilokun. „Ég var með barn sem talaði um það að hann hafði

einsett sér það að þekkja ekki nöfnin á neinum í bekknum út af því að þá þurfti hann að kynnast þeim. Og þá þurfti hann að sýna hvernig heimilið hans var. Þarna er strax bara frá unga aldri komin þessi félagslega útilokun," sagði Soffía Hjördís. Sagði hún að börn fátækra foreldra taki meiri ábyrgð á lífi sínu en en önnur börn, hlífi oft foreldrum sínum og séu jafnvel stundum í umönnunarhlutverki gagnvart þeim. Til að mynda hafi þau sem dæmi tekið ábyrgð að á innkaupum á skólavörum og á því að vakna sjálf og koma sér í skóla. Einnig hafi þau oft hlíft foreldrum sínum frá væntingum og óskum varðandi hluti sem öðrum börnum þykir sjálfsagt eins og til dæmis að fá að skreppa í búð að kaupa sér ís: „Þau sögðu alveg sum frá því að ég spyr ekkert mömmu að því."

Hverjir eru fátækir?

Í skýrslu Barnaheilla - Save the Children sem kom út árið 2021 er talað um að uppræta þurfi fátækt og tryggja rétt allra barna til velferðar og þátttöku í samfélaginu. Þar kom einnig fram að á Íslandi er ekki til nein skilgreining á fátækt meðal barna né opinber stefna og eða áætlun um að uppræta fátækt meðal barna hér á landi. „Setja þarf mælanlega og tímasetta stefnu og aðgerðaáætlun um að uppræta fátækt og félagslega einangrun. Sú stefna og aðgerðaáætlun þarf að taka mið af þörfum barna og réttindum, ekki síst þeirra sem búa við erfiðar aðstæður. Öll börn eiga jafnan rétt á að tilheyra því samfélagi sem þau búa í og taka þátt í því sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Styrkja þarf þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra ekki síst þær sem standa höllum fæti af ýmsum ástæðum," segir á heimasíðu Barnaheilla og er þar vitnað í skýrsluna.

Frá árinu 2013 hefur Barnaheill tekið þátt í vinnu Evrópuhóps Save the Children gegn fátækt meðal barna en alls taka 14 lönd þátt í verkefninu. Ísland er eina landið í hópnum sem ekki hefur sérstaklega skilgreiningu á fátækt meðal barna.„Jafnframt er engin opinber stefna eða áætlun á Íslandi um að uppræta fátækt meðal barna, né þátttöku þeirra," segir á heimasíðu Barnaheilla. Skýrsla Evrópuhópsins, sem heitir Guaranteeing Children´s Future skoðar sérstaklega þátttöku barna í leikskólum, skólamáltíðir og næring barna. Þá er tekin fyrir þátttaka barna í tómstundum, heilsugæsla og húsnæðismál barna og fjölskyldna þeirra. Einnig er sú þjónusta sem börnum stendur til boða og kostnaður fjölskyldna skoðuð. Kom fram í skýrslunni að þeir hópar barnafjölskyldna hér á landi sem eru sérlega viðkvæmir fyrir fátækt og félagslegri einangru eru einstæðir foreldrar, tekjulágar fjölskyldur, fjölskyldur með fötluð börn, fjölskyldur þar sem foreldri er á örorkubótum, flóttafólk og börn í fjölskyldum sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður, eins og það er orðað í skýrslunni.

Þar kemur fram að 90% foreldra á örorkubótum á Íslandi segi bæturnar ófullnægjandi, 80% geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, 22% segjast ekki geta greitt skólamat fyrir börn sín og 19% ekki geta greitt fyrir frístund eða tómstundir barna sinna.

Einn stærsti útgjaldaliður fjölskyldna á Íslandi er húsnæðiskostnaður og búa margar þeirra við óöryggi,



þröngan húsnæðiskost og í óviðunandi húsnæði.
„Við þessu þarf að bregðast. Ekkert barn á að þurfa að alast upp við ótryggar húsnæðisaðstæður," segir á heimasíðu Barnaheilla.

Hvað er til ráða?
Helstu niðurstöður og áherslur skýrslunnar eru meðal annars þær, í stuttu máli, að tryggja aðgengi barna að gæðaþjónustu í leikskólum, að unnið sé gegn ójöfnuði í menntakerfinu og styðja börn sem á stuðningu þurfa að halda sem og tryggja þarf rétt til ókeypis gæðamenntunar án hindrana. Þá þarf að útrýma öllum aukakostnaði við menntun barna, tryggja aðgang barna að tómstundum, íþróttum og menningarviðburðurm. Auk þess þarf að tryggja börnum í viðkvæmri stöðu, ókeypis skólamat frá leikskóla- til framhaldsskólanáms og hafa gæðastaðla til að tryggja næringaríkar máltíðir. Ennfremur þarf að veita öllum börnum og unglingum óheftan aðgang að ókeypis heilsugæslu, þar á meðal heilsueflingu, skimun og fyrirbyggjandi þjónustu, endurhæfingu og geðheilsu sem og tryggja jafnan aðgang að heilsusamlegri næringu fyrir fjölskyldur í viðkvæmum aðstæðum og skapa umhverfi sem hvetur börn og foreldra til heilbrigðs mataræðis, líkt og það er orðað í skýrslunni og þar segir einnig að öruggt og heilsusamlegt húsnæði sé ein helsta forsenda velferðar og til að komast út úr fátækt.

Að lokum kemur eftirfarandi fram í skýrslunni frá 2021:

„Að auki þarf að takast á við félagslega útskúfun ákveðinna hópa og rjúfa félagslegan arf fátæktar og veikrar stöðu milli kynslóða. Því þarf að vera fjölskyldustefna í hverju landi þar sem áhersla er á:

Að takast á við orsök fátæktar og ójöfnuðar og koma þannig í veg fyrir að börn búi við og alist upp við fátækt. Að efla og tryggja virka þátttöku barna í ákvarðanatöku (börn þurfa að taka þátt þegar þau þróa og fylgjast með aðferðum og stefnu sem hefur áhrif á þau). Að kynna ráðstafanir sem gera það kleift að aðlaga og/eða stytta vinnutíma foreldra að vinnutíma barna þeirra. Tryggja sveigjanleika fyrir barna- og fjölskylduþjónustu. Að tryggja framboð á störfum svo og góðar almannatryggingar. Veita fjölskyldum upplýsingar, leiðbeiningar og um réttindi barna þeirra og aðgang að viðeigandi félagslegri, mennta- og heilbrigðisþjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna þeirra."

Vonin
Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra fékk viðurkenningu Barnaheilla - Save the Children árið 2021 fyrir störf í þágu breytinga í málaflokkum barna og ungmenna en samkvæmt Barnaheilla hefur hann sett málefni barna í fyrsta sætið „svo um munar" í krafti ráðuneyta sinna. „Hann lagði fram fjögur frumvörp auk þingsályktunartillögu í málefnum barna fyrr á þessu ári sem samþykkt voru á Alþingi sem hafa þau í för með sér gjörbyltingu í málefnum barna og ungmenna. Börnin eru í brennidepli og öll þjónusta og kerfin í kringum börnin mun vera samþætt og öllum hindrunum rutt úr vegi," sagði í frétt Barnaheilla af viðurkenningarafhendingunni.

Ásmundur Einar var tekinn tali eftir að Kveikur sýndi þátt sinn um fátækt á Íslandi, á Rúv og hann spurður út í viðbrögð við þættingum. Svaraði hann á eftirfarandi hátt:

„Það er auðvitað þannig að við viljum ekki sjá fátækt í íslensku samfélagi og við eigum ekki að sætta okkur við það. Og við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að bæta stöðu þessa fólks sem býr við þess fólks sem býr við þessar aðstæður, og á sérstaklega börn. Þannig að auðvitað þegar svona umfjöllun kemur, þá tekur maður það alltaf til sín."

Þannig að viljinn virðist vera til staðar hjá ráðherranum og efndirnar að einhverju leyti líka en staðreyndin er samt ennþá sú að allt of mörg börn búa enn við fátækt og jafnvel sárafátækt. En vonin er vissulega til staðar enda kostar hún ekki neitt.





Svava Jónsdóttir
Myndir / Kazuma Takigawa

Ólafur Ragnar Grímsson gerir upp barnæskuna, líf og starf:

„Góður Guð, ekki láta mömmu mína deyja”

Ólafur Ragnar Grímsson talar um nýja bók sína, Bréfin hennar mömmu. Lesendur kynnast örlögum ungrar konu, móður Ólafs Ragnars, sem er með berkla og jafnframt fá lesendur að kynnast íslensku þjóðfélagi þess tíma. Hann talar líka um árin á Bessastöðum og viðurkennir að það hafi verið ákveðin glíma að finna taktinn í þeirri einveru sem fylgdi forsetaembættinu. Hann talar um jákvæðar hliðar þess að vera í fjölbreyttum verkefnum víða um heim, tæplega áttræður. Hann talar um hundana Sám og Samson og svo eru það loftslagsmálin, hreina orkan og norðurslóðir sem og Hringborð norðurslóða.

Ólafur Ragnar Grímsson talar um nýja bók sína, Bréfin hennar mömmu. Lesendur kynnast örlögum ungrar konu, móður Ólafs Ragnars, sem er með berkla og jafnframt fá lesendur að kynnast íslensku þjóðfélagi þess tíma. Hann talar líka um árin á Bessastöðum og viðurkennir að það hafi verið ákveðin glíma að finna taktinn í þeirri einveru sem fylgdi forsetaembættinu. Hann talar um jákvæðar hliðar þess að vera í fjölbreyttum verkefnum víða um heim, tæplega áttræður. Hann talar um hundana Sám og Samson og svo eru það loftslagsmálin, hreina orkan og norðurslóðir sem og Hringborð norðurslóða.

„Þetta var mikil glíma, ekki aðeins fyrir móður mína heldur líka þúsundir annarra Íslendinga. Það fennir svo fljótt í sporin og þetta voru kannski þannig hörmungar fyrir þjóðina að þegar loksins komu lyf upp úr miðri síðustu öld þá var eins og þjóðin hefði ákveðið að reyna að gleyma þessu hræðilega tímabili því það árabil voru berklarnir algengasta dánarorsökin í Reykjavík,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson í viðtali við Reyni Traustason en út er komin bókin „Bréfin hennar mömmu“eftir Ólaf Ragnar en móðir hans fékk berkla og skrifaði eiginmanni sínum bréf árum saman þegar hún var á berklahælum.

„Mörg hundruð börn dóu og sérstaklega ungar konur á milli tvítugs og þrítugs voru stærsti hópurinn sem fékk berklana. Og margir meðal annars móðir mín glímdu við þennan sjúkdóm árum saman og nánast alla sína ævi og læknarnir voru í raun og veru bjargþrota. Það voru reyndar hrossalækningar myndi ég nú kalla það; dæla lofti inn í brjóstið í von um að lungað félli saman. Móðir mín fór líka í svokallaða höggningu á Akureyri sem var örþrifaráð; það var bara einn skurðlæknir á landinu sem treysti sér í þetta því það voru höggvin rif úr sjúklingnum. Níu rif voru tekin úr mömmu. Og fólkið var vakandi í þessari aðgerð. Það sem ég vissi nú ekki fyrr en ég las bréfin sem ég fann og voru skrifuð á Akureyri var að hún hafði farið þrisvar sinnum í aðgerð og var vakandi í öll skiptin. Þrjú rif voru

tekin í hvert sinn en ég hélt alltaf að hún hefði farið í eina aðgerð."

Bréfin voru geymd í meira en hálfa öld í gamalli, blárri málmferðatösku sem fylgdi fjölskyldunni alla leið frá Ísafirði. „Ég var kannski aldrei mikið að pæla í því hvað væri í þessari tösku, enda þegar ég var unglingur og krakki var þetta taska foreldra minna. Þarna hafði pabbi geymt tugi bréfa sem mamma skrifaði fyrst frá Þingeyri þegar hún var orðin veik en ég vissi ekki að hún hafði verið í rúminu þegar þau giftu sig."

Ólafur Ragnar segir að bréfin lýsi örlagaglímu móður hans í 15 ár en veikindi hennar urðu til þess að hann var þriggja ára gamall sendur til Þingeyrar þar sem hann var næstu sex árin. „Hún sá mig bara í örfá skipti allan þann tíma. Börn voru tekin frá mæðrum sínum og send í burtu. Hún glímdi ekki bara við sjúkdóminn, ekki bara við það að fólk var að deyja í næstu rúmum, heldur að geta ekki séð eiginmann sinn og son misserum og jafnvel árum saman. Þetta er hræðileg örlagasaga sem birtist þarna í bréfunum og ég ákvað að gefa þetta út ekki vegna okkar fjölskyldusögu heldur vegna þess að þetta væri áminning til þjóðarinnar um þessa hræðilegu tíma. Það er ekki lengra síðan að þeir voru að ég er hér að tala við þig en ólst upp við þennan veruleika.

Mamma lá á sjúkrastofu þar sem voru sex eða átta manns og eins og hún segir í einu bréfinu: „Það hafa margir dáið síðan ég kom". Hún upplifði ekki bara eigin veikindi heldur horfði hún upp á aðrar konur deyja í næstu rúmum. Og hún sá ekki fjölskyldu sína misserum saman. Misserum saman. Vífilsstaðir og Kristneshælið voru reist langt fyrir utan byggð á þeim tíma af því að þetta voru eins konar fangelsi hinna sjúku. Þannig að þó að kórónafaraldurinn hafi verið erfið glíma þá var hann barnaleikur samanborið við þessa glímu við berklana. Og gleymum því heldur ekki að við fengum bóluefni tiltölulega fljótt í kórónafaraldrinum. Það leið hálf öld nánast frá því að mamma veiktist þangað til það fundust örugg meðöl sem gátu læknað berklana."

> ***Ég gat ekki hugsað mér tilveruna án þess að vera á þingeyri***

Ólafur Ragnar segir að þegar hann fór með foreldrum sínum til Reykavíkur 10 ára gamall þá hafi móðir hans að mörgu leyti verið framandi kona í augum hans. „Það var í fyrsta skipti sem við vorum eiginlega saman frá því ég var þriggja ára."

Trúnaður og skylda

Ólafur Ragnar er spurður hvernig þetta hafi mótað hann sem barn.

„Ég var náttúrlega lánsamur að því leyti til að ég var sendur þriggja ára til afa og ömmu á Þingeyri," segir hann en þar var hann nánast samfleytt þangað til hann var 10 ára.

> ***Það hafa margir dáið síðan ég kom***

Hann segir að amma sín og afi hafi verið mjög guðhrædd.

„Afi var meðhjálpari í kirkjunni þannig að þau trúðu einlæglega á Guð og að Guð gæti bjargað fólki. Hún lét mig þess vegna fara með bæn á hverju kvöldi. „Góður Guð, ekki láta mömmu mína deyja." Þetta er kannski ekki mjög skynsamleg uppeldisaðferð þegar maður fer að hugsa um það út frá sálarlífi barnsins; að litli drengurinn skuli vera minntur á það á hverju kvöldi að móðir hans kunni kannski að deyja.

ÉG GAT EKKI HUGSAÐ MÉR TILVERUNA ÁN ÞESS AÐ VERA Á ÞINGEYRI.

Þingeyri átti svo sterka hlutdeild í mér að þó við flyttum suður, ég með pabba og mömmu 1953 frá Ísafirði þegar hún var orðin aðeins betri að heilsu, þá fór ég alltaf til Þingeyrar strax og skólinn var búinn í Reykjavík í maí og kom ekki aftur fyrr en í október. Ég gat ekki hugsað mér tilveruna án þess að vera á Þingeyri."

Ólafur Ragnar segir að samfélagið þar hafi verið þannig að eldra fólkið hafi talað við ungu kynslóðina og nefnir hann frænda sinn sem var forystumaður Sjálfstæðisflokksins á staðnum sem hafði greinilega mjög gaman af að rífast við hann. „Menn sýndu krökkunum þessa virðingu og við vorum þátttakendur í öllu samfélaginu og ég hef oft sagt að þetta uppeldi á Þingeyri hafi orðið mér dýrmætt veganesti því hvar sem ég fór í veröldinni og hitti kannski ráðamenn margra erlendra ríkja - forseta, ráðherra og aðra - þá fóru sumir þeirra að minna mig á karla og kerlingar úr þorpinu á Þingeyri. Og þá sá maður að það var kannski óþarfi að bera of mikla virðingu fyrir þessum voldugu mönnum annarra ríkja því að þeir voru kannski bara eins og fólkið sem var á Þingeyri þegar ég var strákur. Ég hef stundum sagt að án Þingeyrar hefði ég orðið allt annar maður. Þingeyri mótaði mig þannig bæði í uppeldinu og sem veganesti að ég hefði orðið allt annar maður og svo Ísafjörður á annan hátt vegna þess að Ísafjörður var pabba náttúrlega mjög kær og saga bæjarins, uppbyggingin, þjóðmálin og allt það. Þetta var náttúrlega Ísafjörður þeirra ára þegar Vilmundur Jónsson landlæknir, Guðmundur Hagalín, Hannibal og aðrir voru þar í forystu. Ég hef stundum sagt hvað Ísafjörð snertir - að hafa alist upp við goðsögnina Ísafjörð þar sem Ísafjörður var eiginlega veröldin öll og allt sem máli skipti í þjóðmálum tengdist Ísafirði - að sú hugsun sem hefur fylgt mér alla tíð er að ef þú ert kjörinn til ábyrgða af fólkinu hvort sem það er í bæjarstjórn eða sem forseti þá er það í senn trúnaður og skylda. Það er ekki upphefð. Það er trúnaður og skylda. Og á vissan hátt þjónusta. En arfurinn frá Ísafirði sem fylgdi mér eins og ég kynntist honum í föðurhúsum: Ísafjörður var vettvangurinn þar sem menn þjónuðu ef þeir voru kosnir. Og sú hugsun hefur alltaf fylgt mér; jafnvel þegar ég var kosinn forseti og gegndi því embætti í 20 ár þá leit ég ekki á það sem heiður heldur fyrst og fremst sem þjónustu við fólkið í landinu sem hafði sýnt mér þann trúnað að kjósa mig til þessa embættis. Mér finnst stundum eins og á vettvangi þjóðmálanna skorti að menn fylgi þessum leiðarvísi að það að vera kjörinn af fólkinu er ábending um


Marmot

þjónustu af því tagi sem er hin æðsta skylda í lýðræðislegum samfélögum."

Ótrúlegt ævintýri
Ólafur Ragnar segir að það sé skemmtilegt við þessi bréf hvað þau eru ótrúlega vel skrifuð. „Mamma gekk bara í fáein ár í litla barnaskólann á Þingeyri og hann var svo lítill að það voru bara tveir bekkir; efri bekkur og neðri bekkur. Þetta er líka lýsing á þjóðfélaginu. Hvernig Ísland var. Hún segir nokkrum sinnum: „Nú ætla ég að skrifa þér bréf af því að ég frétti að það væri að fara skip vestur." Það voru engar samgöngur. Og það var bara einn sími á spítalanum á Vífilsstöðum og stundum treysti hún sér ekki til að ganga niður á neðri hæðina til að geta talað í símann. Svo var hún að minna pabba á að gleyma ekki skömmtunarseðlunum vegna þess að það var ekki hægt að fá hveiti, sykur eða kaffi nema að framvísa skömmtunarseðlum. Og á einum stað minnir hún hann á að halda áfram að taka mjólkina því þá var þetta þannig á Ísafirði að eina leiðin til að fá mjólk var að bændur í nágrenninu komu með mjólk á brúsum. Þú varðst að vera í áskrift að mjólkinni og ef þú hættir í áskriftinni þá var ekkert víst að þú fengir hana aftur. Þannig að mér finnst bréfin líka minna okkur á að þó okkur finnist nú alltaf allt vera í afturför hjá okkur og sífelld vandræði og vesen þá hefur þessi þjóð í raun og veru náð slíkum árangri að þeir sem lesa þessa lýsingu á Íslandi þess tíma þegar móðir mín var veik og ég var að alast upp þá er það fyrir þeim eins og aftur úr öldum. Og bara á minni ævi hefur þessi litla þjóð náð slíkum framförum nánast á öllum sviðum í menntamálum, heilbrigðismálum, samgöngumálum, vegamálum, hafnarmálum og líka varðandi hreina orku.

Vestfirðir voru þannig á þessum árum að þeir bara lokuðust af í níu mánuði á ári. Pabbi gat ekki heimsótt mömmu á sjúkrahúsinu á Akureyri vegna þess að það var ekkert flug. Það voru allir vegir lokaðir. Og í fyrsta lagi voru þeir ekki til. Svo komu strandferðaskipin kannski einu sinni tvisvar í mánuði. Þannig að þótt hann vildi heimsækja fárveika eiginkonu sína á Akureyri þá var enginn möguleiki. Hvorki á landi eða sjó."

Móðir Ólafs Ragnars lést þegar hún var



51 árs. „Ástæðan var hve veikburða hún reyndist vera í kjölfar berklanna því eins og ég sagði áðan þá voru tekin úr henni níu rif. Við fórum í Þjóðleikhúsið eitt kvöld og það var kalt og hún forkelaðiast og fékk svo lungnabólgu og dó nokkrum dögum síðar á Landakotsspítala 51 árs."

Forsetinn er einn
20 ár á forsetastóli.

Ólafur Ragnar er spurður um einmanaleikann sem fylgir því að vera forseti.

Þú ert aldrei laus við að vera forseti.

„Nei, þegar maður hætti fylgir það manni með vissum hætti. Ég sagði einhvern tímann í léttum dúr og nýtti mér þetta orðatiltæki skátanna: Einu sinni skáti ávallt skáti."

> ***Fyrir mig var það ákveðin glíma að finna taktinn í þeirri einveru***

Einu sinni forseti ávallt forseti.

„Á vissan hátt. Vegna þess að fólk heldur áfram að líta á þig með þeim hætti. Og það er alveg rétt hjá þér; eitt af því sem mér fannst merkilegt við að gegna forsetaembættinu og fara í gegnum forsetakosningar - en ég hafði auðvitað oft tekið þátt í kosningum þannig að það var ekki ný reynsla fyrir mig - en forsetinn er ólíkur



öllum öðrum sem eru kjörnir; ráðherrum og þingmönum sem eru alltaf hluti af einhverjum hópi svo sem þingflokki, ríkisstjórn og Alþingi. Forsetinn er einn. Og hann getur ekki vísað ábyrgð sinni á einhvern annan eða skotið sér á bak við það að það hafi einhver hópur eða nefnd tekið þessa ákvörðun. Og af því að ég kom úr þjóðmálunum þá fannst mér líka skipta máli að ég væri ekki sérstaklega að stunda samskipti við þá sem höfðu verið samherjar mínir í þjóðmálunum vegna þess að það gæti valdið misskilningi. Ég yrði að skera á þau bönd að verulegu leyti. Margir skildu það ekki og kannski móðguðust við mig og fannst það vera vitnisburður um merkilegheit að ég væri í raun og veru að hefja embættið upp fyrir þann vettvang sem ég hafði tekið þátt í áður. En síðan undirstrika Bessastaðir auðvitað líka þetta; ég vil ekki kalla það einveru eða einsemd en þessa sérstöðu forsetans að hann er ekki í miðbænum. Hann er ekki hluti af samkomu eins og Alþingishúsi eða ríkisstjórnarfundum í Stjórnarráðshúsinu. Hann er bara einn á Bessastöðum. Fyrir mig var það ákveðin glíma að finna taktinn í þeirri einveru. Ég held það hafi kannski hjálpað mér að ég var einbirni. Og þó að Þingeyri sem þorp hafi alið mig upp á vissan hátt þá mótar það mann auðvitað að vera einbirni og fjarri foreldrum sínum. Síðan hafði ég fengið þá akademísku þjálfun að stunda rannsóknir og skrifa doktorsritgerð sem er yfirleitt frekar einmanalegt starf. Þannig að ég var fljótur að aðlagast þessari nýju tilveru. En fyrstu árin urðu svo eins og allir vita mun erfiðari vegna veikinda Guðrúnar Katrínar og andláts hennar. Þannig að á vissan hátt urðu fyrstu fjögur árin eða svo á þessum 20 ára tíma mjög erfið persónulega. Hins vegar eru verkefnin það spennandi og heillandi og ábyrgðin svo mikil vegna þess að forsetinn er með orðspor Íslands í höndum sér ekki bara hér heima heldur gagnvart veröldinni. Og svo skiptir líka máli að nýta þau tækifæri sem forsetaemættið færir landi og þjóð."

Ólafur Ragnar bendir á að forsetar geta, hvað sem líður þeirra stjórnsipulegu stöðu, haft gríðarleg áhrif á alþjóðlegum vettvangi landi sínu og þjóð til hagsbóta. „Það helgast meðal annars af því að það eru innan við 200 þjóðhöfðingjar í heiminum. Ýmsir þeirra eru frá örríkjum. Ísland er að vísu smátt en er ekki örríki eins og sumar eyjar í Kyrrahafi til dæmis."

Ólafur Ragnar nefnir að hvað varðar konunga og drottningar þá geti það fólk ekki beitt sér með sama hætti. „Ráðherrar skipta hundruðum ef ekki þúsundum. Þannig að forseti ríkis hefur gríðarleg tækifæri til að styrkja land sitt og þjóð á alþjóðlegum vettvangi og skila þeim árangri heim, líka vegna þess að alþjóðlega kerfið er skipulagt þannig að forsetinn hefur sterkari prótókólstöðu heldur en ráðherra. Og ef menn kunna að notfæra sér það kerfi, sem ég taldi mig kunna nokkuð vel og hafði séð vegna ýmissa fyrri starfa minna hvernig því var beitt, þá gat ég á þessum tíma hvort sem það var á vettvangi hreinnar orku, loftslagsmála, norðurslóða, lýðræðis, samfélags, efnahagslífs og viðskipta beitt mér mér margvíslegum hætti sem gagnaðist háskólasamfélaginu, þjóðinni, vísindasamfélaginu, fyrirtækjum og almenningi í landinu með þeim hætti sem menn höfðu kannski ekki séð áður."

Bjartsýni

Ólafur Ragnar verður áttræður í vor. Ertu í fullu fjöri?

„Já, ég er í fullu fjöri. Ég segi eins og góður maður sagði einu sinni: Aldur er bara tala. Ég er önnum kafinn á hverjum degi. Byrja upp úr níu á



morgnana og er fram á kvöld bæði hér heima og víða um heim að byggja upp áfram hinn alþjóðlega vettvang Hringborð norðurslóða sem árlega dregur hingað til Íslands yfir 2000 manns frá 70 löndum; ráðherra, forystumenn í vísindum, umhverfismálum og atvinnulífi: Forystumenn allra helstu ríkja í Evrópu og Asíu og svo auðvitað á norðurslóðum. Svo höldum við þing í öðrum löndum. Við gerðum það á Grænlandi í ágúst, gerum þa í Abú Dabí í janúar, Tokíó í mars og Berlín í byrjun ársins 2024. Og við erum búin að gera það í Singapore og Kóreu, Kína, Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandseyjum og víðar. Og allt þetta tekur auðvitað tíma. Og svo í kórónafaraldrinum þegar maður var bara bundinn hér heima og spurningin var hvað maður gerði þá þegar maður var búinn að vera svona önnum kafinn allt lífið þá fór ég að dunda við að skrifa bækur. Það var eiginlega óbein afleiðing af kórónufaraldrinum."

ÉG BYRJA HVERN DAG Á ÞVÍ AÐ GERA ÆFINGAR AF ÝMSU TAGI, LÍKAMSÆFINGAR, OG SVO FER ÉG ÚT AÐ GANGA Í KRAFTGÖNGU.

Margir á þínum aldri eru komnir í kör.



Hvernig heldur þú þér í þessu formi?

„Ég hef alltaf lifað reglusömu lífi. Það var lífsstíll sem ég fékk í föðurhúsum og hjá afa mínum og ömmu. Pabbi var nú mikill bindindismaður og mamma líka. Þannig að ég hef aldrei reykt og fór aðeins að smakka létt vín þegar ég var að verða þrítugur en hef aldrei drukkið sterk vín. Svo hef ég í 30 - 40 ár alltaf fylgt þeirri rútínu að ég byrja hvern dag á því að gera æfingar af ýmsu tagi, líkamsæfingar, og svo fer ég út að ganga í kraftgöngu. Ég hljóp nú fyrstu 10 - 15 árin. Svo sögðu læknar mér að til lengdar væri það kannski ekki gott fyrir hnén. Þannig að ég fór í kraftgöngu sem er þannig að maður labbar hratt án þess að hlaupa og þetta geri ég 365 daga á ári. Alla daga ársins. Fyrst er það svona einn og hálfur klukkutími á hverjum degi hvar sem ég er í veröldinni og ég reyni að fara alltaf út eftir æfingarnar í gönguna.

Þetta auðvitað hjálpar mér og hefur byggt upp smátt og smátt þetta úthald. Og svo skiptir líka máli að vera fullur áhuga. Vera að takast á við verkefni. Vera bjartsýnn og sjá viðfangsefnin sem blasa við. Ég hef alltaf blessunarlega búið við þá gæfu að hafa áhuga á að beita mér og takast á við verkefnin og vandamálin. Þannig að ég er ennþá í fullu fjöri þó mér sé ekkert borgað fyrir það starf. Ég hef aldrei tekið krónu fyrir alla þessa vinnu sem ég er búinn að vinna fyrir Hringborð norðurslóða bráðum í 10 ár. Það er bara í sjálfboðavinnu að byggja upp þennan öfluga vettvang með þessu árlega þingi á Íslandi og þessum þingum út um allan heim. Þannig að ánægjan felst í árangrinum og verkinu sjálfu. Ég held að blandan af þessum reglubundnu æfingum og góðu mataræði - og á síðari árum borða ég fyrst og fremst grænmeti og fisk - geri það að verkum að ég er í allgóðu formi enn sem komið er."

> ***Hann er nákvæmlega sami karakter***

Sámur og Samson
Þú ert hundamaður.

„Já, það er nú eiginlega á ábyrgð Dorritar," segir Ólafur Ragnar en hann og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, fengu á sínum tímum hundinn Sám. „Auðvitað hefur það hjálpað til þegar Sámur kom inn í okkar tilveru þegar við vorum á Besstastöðum og svo Samson vegna þess að hann fylgir mér alltaf á morgnana. Svo er það líka hvatning síðdegis að fara kannski með hann aftur. Áður en þeir komu til sögunnar, Sámur og svo Samson, þá fór ég kannski ekki í göngur seinni partinn líka. En nú hafa þær bæst við. Þannig að stundum geng ég sex til átta kílómetra á dag samtals."

Fyrst kom Sámur. Og svo kom Samson. Það er mjög merkilegt.

„Já, það er í senn mjög merkilegt en líka vekur það spurningar um að læknavísindin séu komin svo langt á leið að það sé hægt að taka smáhúð og senda hana út til Texas. Svo er hún meðhöndluð þar í einhverri tilraunastofu og svo fæðist Samson sem er nákvæm eftirlíking af Sámi. En auðvitað er þetta árangur læknavísindanna og líffræðivísindanna sem við njótum á öðru sviði. En þetta vekur líka spurningar um hvernig við förum með þetta vald. Það hefur líka verið fróðlegt að sjá þessi eðliseinkenni Samsons sem við þekktum vel úr Sámi. Þá er ég ekki bara að tala um útlitið. Ég er að tala um eðliseinkenni. Og það vekur í okkar huga spurningar um hvað erfist með erfðaefninu. Er það bara útlitið eða eru það líka áunnir eiginleikar? Og vísindin segja að það séu ekki áunnir eiginleikar en þegar maður hefur kynnst annars vegar Sámi og svo Samson þá vekur það upp spurningar."

Er Samson sami karakterinn?

„Já, hann er nákvæmlega sami karakter. Það er mjög merkilegt. Í öllum viðbrögðum. Líka því sem hefur ▶




JÓLATILBOÐ
SKANNAÐU MIG



BRANDSON

Gleðilega hátíð

VÖNDUÐ ÍSLENSK HÖNNUN

BRANDSON.IS

komið með þjálfuninni. Hann er ótrúlega athugull og getur verið hljóður og beðið. Stundum þegar ég hef verið að skrifa á morgnana, þegar ég var að vinna að þessum bókum, þá hef ég setið við skrifborðið í þrjá til fjóra klukkutíma að skrifa og þá heyrðist ekki í honum. Hann bara beið. En um leið og ég stóð upp...“

Þá var hann mættur.

„Þá var hann mættur.“

Loftslagsbreytingar, hrein orka og norðurslóðir

Ólafur Ragnar ferðast mikið vegna starfa sinna. „Núna á síðustu vikum eða svo þá er ég búinn að vera í Egyptalandi, Ísrael, London og þar áður í New York og svo líka í Abú Dabí. Ég fer aftur til Bandaríkjanna í desember og svo fer ég aftur til Miðausturlanda í janúar. Og síðan aftur til Bandaríkjanna og svo til Japan í byrjun mars. Þannig að þetta er eiginlega of mikið þegar maður er að lýsa þessu svona.“

Það gæti verið notalegt að fá að vera aðeins lengur í Mosfellsbæ.

„Það bjargar mér að vissu leyti, bæði andlegri og líkamlegri heilsu, vegna þess að þegar maður er búinn að flækjast svona um veröldina og vera á fundum hvort sem það er í Evrópu, Bandaríkjunum, Asíu, Miðausturlöndum eða annars staðar þá er það andleg endurnæring að koma í þennan fagra reit sem við höfum í Mosfellsbænum. Húsið stendur rétt við Varmána. Það er stutt í fjöllin og fá svo að byggja sig upp að nýju með göngum um bæði fjöll og hæðir í nágrennninu og með fram ánni. Þannig að umhverfið og sælureiturinn í Mosfellsbæ eflir andlegt þrek og andlegt jafnvægi en það eykur líka lífsgleðina vegna þess að stórborgir geta verið ansi þreytandi til lengdar. Svo má ekki gleyma því að ég var nýlega á Akureyri og Ísafirði.“

Ólafur Ragnar er spurður hvað hann ætli sér, hvað hann vilji sjá gerast og hvað hann telji að sé mikilvægast að gerist sem fyrst.

„Á fyrsta kjörtímabili mínu sem forseti 1996-2000 var stemmningin ekki bara hér á landi heldur víða um veröldina nokkuð mótuð af því að það var ný öld í vændum. Og þess vegna hugsuðu menn um framtíðina með meiri ákafa en öllu jafna þegar nýtt ár er í vændum. Nú var ný öld í vændum. Mér fannst líka skipta máli fyrst ég var kosinn forseti að velta því fyrir mér hverjar myndu verða mikilvægustu áskoranir Íslendinga og kannski framlag okkar til veraldarinnar á þessari nýju öld. Og ég komst að raun um það að það væri þrennt sem myndi skipta mestu máli.

Í fyrsta lagi væru það loftslagsbreytingarnar sem ég var snemma sannfærður um að væru í vændum; það var nú ekki mikið í tísku að tala um þær þá. Og mér hefur verið sagt að ég sé fyrsti þjóðhöfðinginn í veröldinni sem hafi fjallað um loftslagsbreytingar í nýársávarpi sem ég gerði 1997. Ónefndur forystumaður þjóðarinnar sagði á þeim tíma að það ætti ekki að mála skrattann á vegginn. Ég kynntist Al Gore, forystumanni á alþjóðavettvangi í umræðunni um loftlagsbreytingar, um 10 árum áður en ég varð forseti og átti í alþjóðlegu samstarfi við ýmsa sem gerðu sig mjög gildandi á þessu sviði; að bráðnun jöklanna, hækkun sjávarborðsins og hlýnun hafsins gætu haft afgerandi áhrif á Íslendinga bæði vegna vatnsbúskapar okkar, fiskveiða, fiskistofna og annarra þátta.

> ***Mér hefur verið sagt að ég sé fyrsti þjóðhöfðinginn í veröldinni sem hafi fjallað um loftslagsbreytingar í nýársvarpi sem ég gerði 1997***

Í öðru lagi væri það hin hreina orka vegna þess að eina raunverulega aðgerðin til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar er að fara yfir í hreina, endurnýjanlega orku. Og árangur Íslendinga á því sviði er sögulegur. Það hefur engin önnur þjóð á jafnskömmum tíma náð slíkum árangri. Þegar ég var að alast upp á Þingeyri voru 80% af orku Íslendinga innflutt olía og kol. Núna erum við númer eitt í veröldinni hvað snertir hreina orku til húshitunar og rafmagnsframleiðslu. Og Ísland er eina landið í heiminum eins og ég hef stundum sagt á alþjóðlegum vettvangi þar sem þú getur á einum degi séð vandamálið, heimsótt hina hopandi jökla og séð lausnina með því að heimsækja annahvort Hellisheiði, Nesjavelli eða vatnsaflsvirkjun.

Þriðji þátturinn sem ég sannfærðist um að myndi skipta Íslendinga miklu máli væri hið rísandi mikilvægi norðurslóða sem þá voru talin algjört jaðarmálefni. Margir spurðu mig á fyrstu tveimur kjörtímabilum mínum sem forseti af hverju ég væri að sækja þessa fundi um norðurslóðir á ýmsum stöðum; þetta væru ekki merkilegir fundir, 50-100 manns og þá aðallega einhverjir vísindanördar, frumbyggjar og svo umhverfissinnar. Átti forsetinn að vera að eyða tíma sínum í þetta? Ég sagði að þetta væri að skapa Íslandi algjörlega nýja stöðu í veröldinni. Margir sögðu þegar herinn fór að nú skipti Ísland ekki lengur máli. Og lengi vel sögðum við við hvert annað að við værum á jaðri hins byggilega heims.“

Hringborð Norðurslóða

„Hið rísandi mikilvægi Norðurslóða felur í sér að við erum orðin á skákborðinu miðju þar sem ekki bara Bandaríkin og Rússland heldur öll helstu áhrifaríki Evrópu og Asíu - hvort sem það er Frakkland, Bretland, Þýskaland eða Japan, Kórea, Kína eða Indland - eru að koma sér fyrir. Og þar sem lykilauðlindir varðandi hagkerfi 21. aldarinnar - hvort sem það er gas,





Mér finnst vera á vissan hátt skylda mín að sinna þessum verkefnum áfram vegna þess að þegar þjóð hefur sýnt þér þann trúnað að kjósa þig þjóðhöfðingja í 20 ár þá ber þér líka skylda til að sinna framtíð þess samfélags en ekki segja bara þegar þú gengur frá borði: „Þakka ykkur kærlega fyrir, nú er ég hættur og nú ætla ég að fara að gera eitthvað allt annað sem þjónar mínum eigin hagsmunum.“ Þess vegna hef ég talið það skyldu mína að sinna þessum verkefnum áfram. En ég neita því heldur ekki að mér finnst þetta andlega ögrandi. Mér finnst þetta spennandi verkefni. Þetta gefur mér sjálfum mikið andlega af því að það eru alltaf einhverjir nýir hlutir að gerast. Þetta er heimsmynd í sköpun. Þetta er breyting á veröldinni sem þú getur haft áhrif á og það gerist ekki oft að kynslóðir fái tækifæri til þess að hafa afgerandi áhrif á hvaða form hin nýja heimsmynd tekur á sig. En það höfum við varðandi norðurslóðir vegna þess að þetta svæði, þetta stóra svæði ef þú leggur það allt saman sem er á á stærð við Afríku, er að verða hinn nýi vettvangur þar sem öll helstu forysturíki heims eru að koma sér fyrir. En hvernig þau gera það, hvort þau fá að gera það og til hvers þau fá að gera það er í höndum okkar. Og Ísland er nánast í miðju þessa svæðis og er eina litla, frjálsa lýðræðislega ríkið sem getur boðið mönnum til umræðu og skapandi verkefna á þann hátt sem Hringborð norðurslóða hefur gert. Og á meðan ég get orðið að gagni í þeim efnum þá held ég áfram þessu starfi. Ég segi stundum að það er enginn að neyða mig að gera þetta. Þetta er alger sjálfboðavinna í bestu merkingu þess orðs og meðan mér finnst gaman að þessu og það er eftirspurn eftir þátttöku minni af hverju ætti ég þá að hætta því og fara að leggjast í kör?“



Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Kæfandi ást

Guðfinna Jónsdóttir, vinnukona, fannst látin í grynningum í Svartárvatni rétt hjá Svartárkoti á Norðausturlandi, 16. september árið 1891. Hafði hún verið myrt.



Ritstjórn

Guðfinna, sem var fertug, hafði átt í ástarsambandi við tvítugan vinnumann að nafni Jón Sigurðsson en vann hann á Mýri í Bárðardal. Varð Guðfinna ólétt eftir Jón sem hafði heimsótt hana daginn áður og gist um nóttina. Var hún þá komin hálfa leið á meðgöngunni. Eftir að Jón fór segir í blaðinu Norðurljós árið 1891 þegar Jón hafi farið hefði Guðfinna komið inn í baðstofu og verið hin glaðasta. „Hafði hún þá orð á því, að Jón hefði verið fremur venju hlýlegur við sig.“ Bað hún svo húsmóður sína um fararleyfi þetta kvöld og það fékk hún. Hitti hún Jón við Svartárvatn. Var hún mjög glöð að sjá hann.

Jón hins vegar var ekki eins ánægður með fundinn en hann veittist strax að ástkonu sinni, tróð vettlingunum sínum upp í hana og hélt fyrir vit hennar þar til hún var öll. Þá henti hann Guðfinnu í ána og fór aftur til vinnu.

Þrátt fyrir að leit hófst að Guðfinnu strax daginn eftir, fannst lík hennar ekki fyrr en þremur dögum eftir morðið. Vá þá lík hennar flutt til Svartárkots en fólkið á bænum grunaði strax að andlátið hefði ekki borið á fyrir slysni. Sent var eftir sýslumanninum á Héðinshöfða sem reið strax af stað til Svartárkots. Á sama tíma sendi hann amtmann sinn að sækja héraðslækninn á Akureyri sem kom að bóndabænum 24. september.

Fljótlega féll grunur á Jón Sigurðsson og var tekin sú ákvörðun að hann skyldi vera viðstaddur krufninguna á Guðfinnu. Eftir hana úrskurðaði héraðslæknirinn að orsök andlátsins væri köfnun og það af mannavöldum. Sýslumaðurinn reið að Svartárvatni í rannsóknarleiðangur og fann þar fótsport. Gróf hann fótsporið upp og hafð með sér til Svartárkots. Voru skór Jóns bornir saman við fótsporið og smellpössuðu við.

Jón játaði loks morðið og var hann dæmur til dauða í október 1891. Hæstiréttur staðfesti dóminn árið 1893. Aftakan átti að fara fram í Kaupmannahöfn og þangað var Jón sendur.

Árið 1893 skrifuðu blöðin fréttir þess eðlis að Jón hefði framið sjálfsvíg í fangaklefa sínum í Kaupmannahöfn og gerðist Þjóðviljinn svo grófur að lýsa sjálfsvíginu. „Heilasletturnar fóru út um allt herbergið.“

Hið rétta í málinu er það að Jón var aldrei sendur til Kaupmannahafnar heldur vistaður í hegningarhúsinu og árið 1904 var hann náðaður og látinn laus. Ástæðan var heilsuleysi og góð hegðun í fangelsinu. Jafnframt væri hann undir eftirliti, eða nokkurs konar skilorði, í einhvern tíma.

Fluttist Jón til Húsavíkur og lést árið 1947.



Norðlenskt kofareykt hangikjöt

Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er taðreykt upp á gamla mátann, eins og gert hefur verið í sveitum landsins í gegnum aldirnar. Það hefur unnið til fjölda verðlauna og er eitt vinsælasta hangikjöt landsins.



KJARNAFÆÐI


GOLDBERGH



GOLDBERGH

LUXURY SPORTSWEAR







hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Texti Svanur Már Snorrason



Ljósið í myrkrinu

Hvert er inntak jólanna?

Varla verslunaræði. Ekki er það stress á hæsta stigi. Og ég trúi því ekki að þau gangi út á það að uppfylla nautnir í mat og drykk

Fæðing frelsarans á ekki að vera tengd sterkum böndum við allt ofantalið. Það finnst mér í það minnsta ekki.

Það er ekkert að því að gera vel við sig og sína um jólin og njóta þess að vera í fríi.

En eftir að hafa heyrt jólalög í meira en mánuð, séð og heyrt jólaauglýsingar í næstum tvo mánuði, ásamt því að finna hvernig stressið í samfélaginu eykst með hverjum deginum sem líður, og nær hámarki á Þorláksmessu, er ég ekki viss um að fólk almennt sé á sama máli og ég.

Eða hvað? Viljum við virkilega svona? Viljum við stress og vitleysu? Vona ekki.

Jólin á Íslandi hafa lengi verið kölluð hátíð kaupmanna og þau eru það sannarlega – því miður. Ekki vil ég kaupmönnum neitt illt en öllu má nú ofgera. Það vantar allt hóf í tengslum við jólin hjá allt of mörgum íbúum þessa ágæta lands.

Vil að jólin séu mínimalísk hátíð þar sem notaleg samvera við fólk sem manni þykir vænt um og elskar er aðalatriðið.

Ég er ekkert að tala um að flytja aftur í moldarkofana og gefa kerti og spil sem jólagjafir, eða láta börnin fara að leika sér með legg og skel og búa til byssur úr sviðakjömmum.

Draga frekar andann djúpt – slaka á og hætta að taka þátt í einhverju heimskulegu neyslukapphlaupi sem ekkert skilur eftir sig nema tómleika og tóma buddu.

Allt óhóf skilur eftir sig sviðna jörð – hver svo sem neyslan er. Það er staðreynd.

Við Íslendingar þurfum að hugsa okkar gang hvað jólin varðar. Inntak þeirra – kærleikurinn í tengslum við fæðingu frelsarans – er mörgum týnt og það er miður.

En inntakið er ekki glatað. Og eintakið, Íslendingurinn, er heldur ekki glatað.

Við munum sjá ljósið áður en langt um líður.

Gleðileg jól!

LOSTI

fyrir öll

leyfðu lostanum að taka yfir...

Borgartún 3 & Laugavegur 51

losti.is

Lífsreynslusaga



Aðsend

Partur 3

18 ára gift í Bandaríkjunum

Síðast endaði ég á að segja ykkur frá því þegar ég komst að framhjáhaldi míns fyrrverandi eiginmanns og ofbeldinu sem gekk á í hjónabandi okkar.
Fyrri frásögn lauk þegar hann hvarf í enn eitt skiptið.
Hvert fór hann? Jæja, sagan sem mér var sögð var lyginni líkust – enda örugglega lygi.
Það var að morgni þegar hann loks kom heim í sömu fötunum og þegar hann fór, ég viti mínu fjær af áhyggjum og spurði hann hvert hann hafi farið og hvar hann hefði verið?
Hann svarar mér að hann hafi verið settur í flugvél og flogið með hann og restina af herdeildinni út í miðja eyðimörk og hlutirnir sem hann hafi séð væru ógeðslegir.
Hann segir mér að það sé verið að gera rannsóknir á fólki með því að blanda saman dýrum og mönnum og hann hafi séð alls kyns hluti sem væru of hryllilegir til að útskýra fyrir mér.
Hann segir mér að herdeildin hafi verið í sérstakri þjálfun varðandi að vernda þetta og einnig í þjálfun við hylma yfir kjarnorkuvopnum.
Ég var 18 ára og gleypti við þessu eins og ekkert væri en svaf ekki vel svo vikum skipti að ímynda mér að þetta úrkynjaða „fólk" myndi sleppa.
Þegar þarna er komið við sögu er að nálgast jól og minn fyrrverandi stingur upp á því að við fengjum meðleigjanda til að flytja inn með okkur því það væri svo dýrt að leigja bara við tvö, þrátt fyrir að herinn væri að greiða meirihluta leigunnar. Ég samþykki það en þó með trega, þar til að hann nefnir nafn á stúlku sem var vinkona mín. Þá segi ég honum að ég sé sátt við það.
Hún byrjar að hanga með okkur alla daga en flytur ekki inn. Mig fer að gruna að það sé eitthvað á milli þeirra því hún var allt í einu orðin svo skrýtin í kringum okkur. Ég geng á hann með það og hann sver við líf sitt að það sé ekkert í gangi en ég bara vissi það, annað gat ekki verið.
Nokkrum dögum seinna er málefnið farið af borðinu varðandi meðleigjanda og hún hætt að umgangast okkur.
Jólin líða og ég fer að ókyrrast og langar að fara í heimsókn til vinkonu minnar sem bjó í öðru fylki. Um leið og ég nefndi það var hann til í að kaupa miða. Enginn miði var keyptur til baka enda trúði ég honum þegar hann sagði mér að það væri bara best að kaupa miða með stuttum fyrirvara. Þegar ég vildi koma heim - ég fer í byrjun janúar 2001. Það var í síðasta skiptið sem ég sá hann þegar hann kvaddi mig á flugvellinum.
Ég lendi í Nebraska og vinkona mín tekur á móti mér á flugvellinum og mikið var gaman hjá okkur þessa viku sem ég hafði hugsað mér að vera. Svo hringi ég í minn fyrrverandi og bið hann að kaupa miða fyrir mig heim, hann svarar mér með því að það sé ekki til peningur fyrr en um mánaðarmót. Jæja, ég tala við vinkonu mína og hún er bara ánægð með meiri tíma með mér og ég hringi í vinnuna og segi þeim frá því að ég verði lengur en ég hélt að allir væru sáttir.

Mamma vinkonu minnar, sem við vorum hjá, var alveg sátt við að hafa mig hjá þeim nema henni þótti svolítið skrýtið að það væru ekki til 100 dollarar fyrir flugi og bauðst til að greiða það fyrir mig og ég hringi í minn fyrrverandi og segi honum að hún geti alveg lánað okkur fyrir flugmiðanum. Hann afþakkar það og segir að sér finnist það óþægilegt og allt í lagi, ég var ekki sátt en skildi hann alveg. Næstu tvær vikur líða hratt og ég hringi aftur í fyrrverandi og hann segir mér að hann vilji ekki að ég komi aftur, að mamma hans hafi lofað að greiða upp allar skuldir hjá honum ef hann myndi skilja við mig.
Þarna reiddist ég!
Hann hafði aldrei ætlað að fá mig heim og allt dótið mitt, fötin mín, vinnan mín, hundurinn minn og heimilið mitt var bara horfið. Ég átti hvergi heima – atvinnulaus og upp á náð og miskunn móður vinkonu minnar komin. Ég brotna niður og finn hvernig ég verð pínulítil og hjálparlaus.
Mamma vinkonu minnar segir mér að þetta sé í lagi og ég geti verið hjá þeim og hjálpað til með börnin á heimilinu og verið einskonar þerna fyrir húsaskjól og mat þangað til ég myndi finna vinnu og húsnæði.
Ég samþykki það enda hafði ég mjög gaman að börnum og þótti gaman að að elda en aðeins leiðinlegra að þrífa, sem ég að sjálfsögðu gerði. Við vinkona mín fórum saman að leita að vinnu handa mér.
Ég gat hvergi fengið vinnu því ég varð að hafa vísa í landinu til að vinna.
Þannig að ég var föst hvernig sem á það var litið, hvernig gat þetta gerst? Ég hélt að við hefðum gift okkur vegna ástar en vandamálið var að ég vissi ekki hvernig væri eðliiegt að vera í sambandi enda var hann mitt fyrsta alvöru samband.
Móðir vinkonu minnar pantar tíma hjá lögfræðingi sem útskýrir fyrir okkur að þetta sé vonlaust mál þar sem hann hafi ekki klárað pappíarana og vildi ekki halda áfram með hjónabandið.
Þá syr hún en ef ég ættleiði hana – hvað þá?
Þarna vorum við búnar að finna leið en ég gat ekki gert foreldrum mínum það eftir að hafa rætt við þau, það var bara grátið og ég fattaði þá alvöruna í því að biðja um slíkt og við hættum við allt slíkt snöggt.
En hvað þá?
Nú auðvitað kom ofurhetjan mín mér til bjargar og kom mér heim, hann er ekki með skikkju en gæti samt mjög líklega átt eina slíka í skápnum sínum.

Hver var þessi ofurhetja?
Nú, það er hann pabbi minn.



Svava Jónsdóttir

Þrándur Þórarinsson:

ÞAÐ ÞARF AÐEINS AÐ HRISTA UPP Í FÓLKI ENDRUM OG EINS

„Móðir mín er norsk og karl faðir minn að norðan. Ég ólst upp á flakki milli þessara landa; bjó meðal annars í Svarfaðardal, á Akureyri, í Osló og Björgvin," segir Þrándur Þórarinsson listmálari. Hann vildi verða djúpsjáfarkafari í framtíðinni.

Hvað með myndlistaráhuga í æsku?

„Ég teiknaði ótt og títt sem barn. Gerði skopmyndir, teiknimyndasögur og teiknaði „uppfinningar" og annað eftir því. Við frændurnir Hugleikur lékum okkur mikið saman. Hann er ári eldri en ég og var þá þegar á bólakafi í teiknimyndasögum og áhugi hans á þeim miðli var smitandi. Þessi lagni við að teikna kom sér vel þar sem ég var stöðugt að flytja búferlum sem barn og unglingur en ég gat alltaf sýnt nýjum bekkjarfélögum teikningar mínar og komist þannig í mjúkinn í nýjum félagsskap. Ekki síst voru það skopmyndir af kennurum sem vöktu lukku hjá jafnöldrum mínum."

Þrándur segir að málverkin sem orkuðu sterkast á hann hafi verið málverk á bókarkápum og nefnir hann sérstaklega hvers kyns fantasíulitteratúr sem og málverkabækur á heimilinu. „Mér er sérstaklega minnistæð bók sem við áttum með málverkum Bosch. Mamma mín átti það til að draga mig með á nútímalistasöfn sem mér þótti óttaleg kvöð. Flest allt sem bar fyrir augun þar þótti mér sérdeilis óspennandi."


BORDARLAN



Lærlingur Odd Nerdum

Svo varð það annað en skopmyndir af kennurum sem urðu til. Þrándur var í fyrsta bekk í menntaskóla þegar hann skráði sig á myndlistarbraut Menntaskólans á Akureyri og fékkst þar mikið við módelteikningu og málverk. „Fyrst með akríl og eggtemperu en síðar olíu. Það var um þetta leyti sem hugur minn fór að snúast æ meira til „gömlu meistaranna“ Rembrandt, Goya og kompaní.“

Hvað heillaði hann við verk gömlu meistaranna?

„Það var ef til vill Björn Th Björnsson sem kom mér á sporið. Ég las bækur hans Aldateikn og Aldaslóð og heillaðist upp úr skónum af listasögu fyrri alda. Mér fannst einboðið að ég yrði líka að mála í svona stíl. Þetta voru svo fallegar og skáldlegar myndir. Þarna var köllun mín komin.“

Hvað gaf þetta hinum unga Þrándi?

„Ætli þetta hafi ekki gefið mér það sem á norsku kallast „mestrelsesfølelse“; það er að segja sú sælutilfinning að ná tökum á einhverju eða ná færni í titeknu sviði.“

Þrándur komst svo inn í Listaháskóla Íslands. „Ég droppaði út eftir fyrsta árið. Hugmyndalist eða konseptlist var þar í algleymi og hið afturhaldsama málverk sem ég hafði áhuga á þótti ekki nægilega móðins í skólanum. Kennararnir tjáðu mér að ég gæti fengist við þetta heima og ég tók þá á orðinu.

Skömmu síðar frétti ég að landi minn, Odd Nerdum, norskur málari sem málar myndir undir sterkum áhrifum frá Rembrandt og barokkinu, væri búsettur hér og það sem meira var: Hann tók til sín lærlinga. Ég sá hann tilsýndar einn daginn á Laugaveginum, elti hann inn í Mál og Menningu og tókum við þar tal saman. Hann tók vel í fyrirspurn mína um að gerast lærlingur og eftir að hafa sýnt honum fáeinar myndir hófst nám mitt hjá honum. Það var ómetanlegt fyrir mig að komast undir handleiðslu hans, enda var hann og er sannkallaður galdrakarl með penslana.“

Fegurð og handverkið

Þrándur hélt sína fyrstu einkasýningu í ársbyrjun 2008. „Hún seldist vel og hef ég blessunarlega ekki þurft að vinna heiðarlega vinnu síðan þá. Það var Svavar Pétur, einnig þekktur sem Prins Póló, sem tók að sér að vera umboðsmaður



minn í þessum fyrstu sýningum mínum og stend ég í mikilli þakkarskuld við hann.“

Þrándur segist ekki hafa tekið neinar u-beygjur í stíl og efnistökum heldur haldið tryggð við hið gamla olíumálverk. „Að því sögðu þá hef ég samt reynt að stíga ætíð hænuskref út fyrir þægindarammann hverju sinni svo ég staðni ekki.“

Þrándur segist leggja áherslu á fegurð og handverkið þegar hann málar. „Svo er alltaf kostur ef verkin hafa eitthað „að segja“. Þá er ekki síðra ef verkin eru aðgengileg, það er að leiknir sem lærðir geta notið þeirra.“

Hvað vill hann segja um stílinn?

„Ég myndi lýsa honum sem gamaldags. Eða á slæmri íslensku „old school“.“

Hvað með litavalið?

„Það er samspilið milli kaldra og hlýrra lita sem gerir galdurinn í málverkum almennt. Þar liggur hundurinn grafinn. Annars reyni ég að hrista upp í palettunni minni við og við og breyta til sjálfum mér til yndisauka.“

Best að vinna í þögn

Þrándur segir að það fylgi því mikil sæla að komast í ákveðið „flæðisástand“, gleyma stund og stað og sökkva sér í verkið. „Það er ákveðin hugleiðsla fólgin í þessu og svo gefst mér færi á að kafa inn í innstu sálardjúp mín og skoða mig þar um. Þá fæ ég líka útrás fyrir gremju og neikvæðni. Og svo gefst mér kostur á að koma mínum skoðunum á framfæri og leggja mitt til málanan í samfélagsumræðunni.“

Hann segir hugmyndir koma hvaðanæva að. „Kúnstin er að vera vel upplagður og mótækilegur fyrir þeim en ég sæki mér gjarnan innblástur hjá kollegum mínum, lífs sem liðnum.“

Hann hlustar stundum á hljóðbækur, hlaðvörp eða tónlist við vinnu sína. „Best er þó að vinna í þögn.“

Það er svolítil dulúð í verkunum. Þau minna kannski svolítið á verk Rembrandt, Goya og kompaí.

„Dulúðin í verkum mínum er fyrst og síðast fagurfræðilegs eðlis. Ég er að upplagi afar jarðbundinn, trúi hvorki á guði, handan líf né hinturvitni. Það breytir því ekki að trú og þjóðtrú



eru skemmtileg viðfangsefni sem fela í sér sálfræðilega vitneskju um okkur mannkindurnar og bjóða upp á skemmtilega túlkunarmöguleika. Því er ekki að neita að ég hef ætíð haft áhuga á andlegum málefnum. Má til að mynda geta þess að ég lauk masternámi í heimspeki og hef í seinni tíð heillast æ meir að sálfræði.“

Hvað er málverkið í huga listamannsins?

„Hið fígúratífa málverk er í mínum huga allra handa miðill sem nýta má til að túlka og tjá allt hvað eina. Rétt eins og skáldsagan eða leikritið. Að sama skapi krefst þessi miðill ákveðinnar leikni.“

Hann vill ögra. Og hann segir að það að ögra sé partur af vinnunni. „Það þarf aðeins að hrista upp í fólki endrum og eins og svo færi væntanlega lítið fyrir verkum mínum ef þau væru ekki dálítið krassandi; að minnsta kosti sum þeirra.“


FJALAKÖTTURINN





Reynir Traustason



Torsótt leið á Toubkal:

Með Mohamed upp í 4200 metra

Við hvert skref var eins og fæturnir væru úr blýi. Ég horfði vonleysislega upp snarbratta brekkuna þar sem lokamarkmiðið, Toubkal, 4167, metra hár, blasti við mér. Lafmóður barðist ég áfram upp snarbrattann. 50 skref áfram og svo hvíld.

Fyrir fimm árum fékk ég þá hugmynd að fara upp á Toubkal í Marokkó. Ég hafði heyrt af frábærum fararstjóra, Mohamed, sem hafði leitt íslenskan gönguhóp um þessar slóðir. Ég setti mig í samband við kappann sem tók því strax vel að leiða mig og samferðafólk á efsta tind. Þegar undirbúningur stóð sem hæst helltist Covid yfir heimsbyggðina. Ofan á þá óáran bættist að ég þurfti að fá nýjan hnjálið. Það var því ekki fyrr en í ágúst síðastliðnum sem ég var tilbúinn og hópurinn fullmótaður, 14 manns. Flestir í hópnum voru úr Skrefunum, gönguhópi Ferðafélags Íslands sem við Guðrún Gunnsteinsdóttir leiðum.

Hani snúinn úr hálsliði

Fuglar í búrum bíða dauða síns við búðaborð slátrarans.

Við komuna til Marrakech tók Mohamed fararstjóri á móti okkur brosleitur, með ískalt vatn á flöskum. Það var kærkomið eftir að við höfðum þvælst í hitakófinu gegnum þrefalt eftirlitið á flugvellinum og endalausar spurningar. Eftir nótt á hóteli í borginni var lagt upp í ferðina. Mohamed var mættur með langferðabíl sem flutti okkur þá klukkustundar leið sem er að fyrsta uppgöngustaðnum í Atlas-fjöllum.

Við stöðvuðum í litlu þorpi til að kaupa vatn og annað til fararinna. Nokkrar verslanir stóðu við götuna. Þeirra á meðal var kjötbúð. Hænsnfuglar voru í búrum við afgreiðsluborðið. Fólk brá nokkuð í brún þegar slátrarinn teygði sig í fugl og sneri hann á einu augabragði úr hálsliði. Haninn var svo hamflettur á mettíma og kominn í kjötborðið fyrr en varði. Þarna var svo sannarlega stutt á milli lífs og dauða. Seinna skaut niður þeirri hugsun hvort haninn framliðni hefði verið með okkur í för um fjallaskörð og dali.

Asni í Marokkó

Það vakti mikla athygli þegar við ókum í gegnum bæ sem heitir því merkilega nafni Asni. Þar eru markaðir af ýmsu tagi. Meðal annars er hægt að kaupa þar múldýr og asna. Meðalverð á einu múldýri er um 170 þúsund íslenskar krónur. Það er stöðutákn í fjallaþorpunum að eiga múldýr sem eru nauðsynleg til að ferðast um á þessu fjallasvæði. Asnarnir eru ekki til þess fallnir að bera þungar byrðar upp fjallið og þeir sem eiga slík dýr eru skör neðar í virðingarstiganum. Eftir um klukkustundar akstur komum við að uppgöngustaðnum. Þar biðu okkar fimm múldýr með jafnmarga umsjónarmenn. Að auki var kokkur sem fylgdi hópnum. Þessum 15 manna gönguhópi frá Íslandi fylgdu því sjö aðstoðarmenn.
Fjögur múldýranna höfðu það hlutverk að flytja farangur okkar í næsta áfangastað en fimmta dýrið var til aðstoðar hópnum, svokallaður aðstoðarmúli. Þar var inni í myndinni að ef einhver væri við það að gefast upp gæti hann farið á bak múlasnanum. Eitt slíkt tilvik kom upp á leið okkar upp fjallaskarðið. Sú sem nýtti sér farið var umsvifalaust útnefnd sem „Drottningin af Múla".

Veislan í skarðinu

Kokkurinn og múldýrin fjögur fóru á undan okkur. Þegar komið var upp í Tizi-skarðið, 2300 metra yfir sjávarmáli, kom það göngumóðum ferðalöngum á gleðilega óvart að búið var að „dúka borð" eða öllu heldur breiða úr dúk á jörðina og bera fram dýrindis málsverð. Eftir klukkustund í vellystingum var haldið áleiðis niður fjallið hinmum megin. Margir voru orðnir þreyttir þegar komið var í náttstað í Idissa eftir 14 kílómetra göngu og hækkun sem nam um 800 metrum. Það var gott að komast í hvíldina. Annað eins ferðalag beið okkar daginn eftir.

Þorpið Idissa þar sem við gistum eina nótt. Húsin eru fremur óhrjáleg. Þar búa menn og skepnur í sátt.

Eftir staðgóðan morgunverð var haldið af stað að nýju. Við gengum úr einu fjallaþorpi í annað. Þetta svæði hafði verið úr öllu vegasambandi þar til fyrir nokkrum mánuðum síðan. Íbúarnir lifa einföldu lífi og eru sjálfum sér nægir með flest. Margir eiga geitur og kindur sem nýtar eru til framfærslu. Geitur, menn og múldýr búa gjarnan undir sama þaki. Á leið okkar höfðum við séð nokkrar hjarðir sem bændurnir gættu sjálfir

sumarlangt. Fjölskyldur þeirra færa þeim mat upp í fjöllin með nokkurra daga millibili. Annars eru þeir einir með kindunum og sváfu undir beru lofti. Fábrotið líf hirðingjans en samt svo heillandi. Maður, hundur og hópur af kindum eða geitum.

Magakveisa og stutt skref

Við fórum beint upp úr þorpinu og stefndum upp í næsta skarð. Algengt var að menn héldu úti sölubúðum sem voru einfaldlega lúgur og nokkurra fermetra rými. Þar var hægt að fá gosdrykki, súkkulaði og snakk af ýmsu tagi. Fljótlega eftir að við lögðum á fjallið fann ég til óþæginda í maga. Áhyggjur mínar fóru vaxandi. Við vorum á leið til þorpsins Armed þar sem við myndum gista og halda síðan áleiðis upp í grunnbúðir Toubkal, daginn eftir. Þegar kom upp skarðið var eins og daginn áður búið að slá upp veislu. Ég var lystarlaus en píndi ofan í mig mat. Niðurleiðin var vandræðaleg. Ólgan í maganum fór vaxandi og þrýstingurinn var ýmist upp eða niður. Mér virtist sem jafnar líkur væru á uppköstum og niðurgangi. Skrefin voru orðin stutt og útvíkkun greinilega komin að efri mörkum. Á síðustu stundu náði ég að skjótast inn í runna og létta á mér með tilheyrandi gný. Ég dauðskammaðist mín. Sem betur fór var stutt eftir til þorpsins Armed. Þegar ég kom inn á gistiheimilið var kominn tími á næstu lotu. Ég komst ekki í kvöldverðinn en hélt að mestu til á salerninu. Svo kom nóttin með innantökum og höfðuðverk. Við höfðum pantað okkur far með loftbelg við lok ferðalagsins. Í hitakófinu staglaðist ég á því að ég fengi allavega að fara í loftbelg. Ég var hundveikur og möguleikar á því að toppa voru út úr myndinni. Fimm ára plan var í uppnámi. Um morguninn var tekin ákvörðun um að ég yrði eftir á sjúkabeðnum. Líklega var ég að glíma við matareitrun af einhverju tagi. Guðrún vildi taka að sér hjúkrunarstörf og fórnaði tindinum líka. Ég samþykkti það með semingi.

Mohamed hét því af stað með hópinn í morgunsárið en við sátum eftir. Vonbrigðin blöstu við. Ég svaf allan daginn og náði nokkurn veginn jafnvægi á meltinguna. Síðdegis fengum tilkynningu um að hópurinn væri kominn upp í grunnbúðir þar sem gist yrði um nóttina í 3200 metra hæð. En það var jafnframt áhyggjuefni að það stefndi í leiðindaveður daginn eftir þegar hópurinn myndi toppa. Síðasti áfanginn upp á Toubkal felur í sér 900 metra hækkun. Þá er enginn stuðningur af múldýrum. Þetta er einfaldlega of grýtt og bratt fyrir dýrin sem biðu í grunnbúðum.

Toppadagurinn rann upp. Ég var miður mín vegna ástandsins og að ferðin væri í uppnámi eftir allan undirbúninginn. Ég var orðinn rólfær og við röltum um þorpið sem kúrir í fjallshlíðinni. Heimenn tóku okkur undantekningalaust brosandi. Fjölskyldufaðir bauð okkur að koma inn. Þar beið okkar kaffi, te og með því. Lítið var hægt að tala saman en það skipti minnstu máli. Stundin var notaleg.

Kaldrifjað morð í beinni

Við létum okkur detta í hug að rölta áleiðis í næsta þorp ofan við Armed. En þá mætti okkur hindrun. Varðskýli var á gönguleiðinni og vopnaður vörður stöðvaði okkur. Við máttum ekki fara lengra nema með innlendum leiðsögumanni. Seinna fengum við þá skýringu að eftir að tvær skandínavískar stúlkur voru myrtar af öfgamönnum örfáum kílómetrum ofar á gönguleiðinni var öllu lokað. Málið vakti heimsathygli vegna þess hve þaulskipulögð morðin voru. Stúlkurnar voru hálshöggnar í beinni útsendingu á Netinu. Dögum saman höfðu illvirkjarnir fylgst með þeim áður en til skarar var látið skríða. Þrír menn voru dæmdir til dauða fyrir ódæðið. Þremur árum seinna eru þeir enn á lífi.

„I'll be back"

Við fengum góðar fréttir af hópnum. Af þeim 12 félögum okkar sem lögðu upp á tindinn komust 10 á toppinn. Tvær urðu háfjallaveikinni að bráð og snéru við í tæplega 4000 metrum. Ferðin reyndi mjög á fólk því sannkallað slagviðri var á efsta tindi og útsýnið ekkert. En upp fór hópurinn. Ég velti stöðunni fyrir mér og ákvað að ég gæti ekki annað en reynt öðru sinni. I'll be back. Guðrún var sammála. Hópurinn svaf aðra nótt í fjallaskálanum í grunnbúðum. Daginn eftir komu þau niður í þorpið. Það urðu fagnaðarfundir.

Mánuði eftir að ferðinni lauk vorum við Guðrún aftur komin til Marokkó. Að þessu sinni fengum við beint flug með Heimsferðum til hafnarborgarinnar Agadir. Mohamed hafði strax tekið því vel að koma mér á tindinn. Hann lét sér ekki mun um að mæta á flugvöllinn í Agadir, 300 kílómetra leið með kalt vatn á flöskum eins og í fyrra skiptið. Við höfðum rétta þrjá daga til að fara á Toubkal og snúa aftur til Armed. Mohamad hafði verið áhyggjufullur vegna þess að það hafði snjóað í fjöllunum. Ung bresk kona hafði farist í fjallinu stuttu áður en við snérum aftur. Við þurftum að hafa með okkur jöklabrodda og ísexi til að vera við öllu búin.

Fagnaðarfundir

Heimafólk í Armed fagnaði okkur þegar við birtumst á ný til að reyna öðru sinni við tindinn. Þetta var nánast eins og að koma heim. Við héldum strax á fjallið. Dagurinn var strembinn. Við gengum 15 kílómetra og hækkuðum okkur um 1500 metra áður en við komum í grunnbúðir. Aðstaðan í fjallaskálanum var til fyrirmyndar þótt maturinn hefði mátt vera betri. Þarna voru góð rúm vatnssalerni og sturtur. Við sváfum ágætlega og fyrr en varði rann toppadagurinn upp.

Fjallaskálinn í grunnbúðunum er stórglæsilegur.

Leiðin upp frá grunnbúðum er öll á fótinn. Það er strax snarbratt. Ég fann fljótlega til svima eftir því sem við komumst hærra. Ég var í jöklaskóm sem eru langt á annað kíló að þyngd. Við brottförina hafði ég fengið hugboð um að skórnir yrðu mér til trafala. Á síðustu stundu stakk ég fjallahlaupaskóm ofan í pokann minn. Smám saman dró af mér. Fæturnir voru sem blý og ég drattaðist áfram, meira af vilja en mætti. Ég gerði samferðafólkinu grein fyrir stöðunni. Guðrún bauðst til þess að bera jöklaskóna ef ég vildi slá hinum undir. Það varð úr og ég fann til léttis. Við siluðumst upp fjallið. Sviminn fór vaxandi. Í 4000 metrum átti ég á köflum erfitt með að halda jafnvægi. Ef ég



Með Mohamed og Adullah á toppi Toupkal.

hreyfði höfuðið snöggt helltist sviminn og ógleðin yfir mig. Þetta var furðulegt ástand í ljósi þess að 10 árum áður hafði ég toppað Mont Blanc sem er rúmum 600 metrum hærra. Þá fann ég til svima en ástandið þá var ekkert í líkingu við það sem nú var. Ég lagði til að við tækjum 50 skrefa lotur í þeirri von að ég næði upp. Þetta gekk upp og við mjökuðumst nær takmarkinu. Utan í snarbröttu klettabeltinu hafði Mohamad áhyggjur af því ég myndi missa jafnvægið. Ég einbeitti mér að hverju skrefi og við náðum áfallalaust upp á hrygginn þar sem Toubkal blasti við.

Ég staulaðist áfram seinustu metrana og allt í einu stóð ég á toppnum. Íkornar og krákur börðust um athygli göngufólks í von um brauðbita. Tilfinningin að toppa var ólýsanleg. Markmiðið sem ég setti mér fyrir fimm árum hafði náðst. Sólin brosti við okkur og útsýnið yfir Atlas-fjöllin var stórkostlegt. Þetta var næstum eins og maður ímyndaði sér himnaríki. Niðurleiðin var ljúf. Um það leyti sem við komum í skálann aftur var sviminn á undanhaldi og heilsan að komast í lag. Lífið var eins og það gat verið best. Næst á dagskrá var nýtt markmið, nýtt fjall og nýjar áskoranir.

Stækkunargler



ÁSDÍS RÁN

Fjölskylduhagir?
Einstæð og á 3 börn 25, 17, 15 ára.

Menntun/atvinna?
Ég er menntuð í ýmsu, Viðskiptafræði, hárgreiðslu, einkaþjálfari og þyrluflugmaður en annars er ég sjálfstæður verktaki.

Uppáhaldssjónvarpsefni?
Ég er alæta á Netflix en horfi mest á spennutrylli.

Leikari?
Charlize Theron.

Rithöfundur?
Jónas Reynir bróðir minn. Hann er mjög klár rithöfundur.

Bók eða bíó?
Bíó

Besti matur?
Fiskmetið í Búlgaríu er alveg í uppáhaldi! Og svo íslenskur lambahryggur, að hætti mömmu.

Besti drykkur?
Gott Chardonnay hvítvín.

Nammi eða ís?
Ís

Kók eða pepsi?
Hef aldrei drukkið gos nema þá bara sódavatn.

Fallegasti staðurinn?
Sjaldan séð neitt fallegra en tindana í Rhodope fjöllum í Búlgaríu.

Hvað er skemmtilegt?
Mér finnst skemmtilegt að skapa.

Hvað er leiðinlegt?
Fýlur eru mjög leiðinlegar.

Hvaða flokkur?
Ég er lítið inn í stjórnmálum á Íslandi en væntanlega Flokkur fólksins.

Hvaða skemmtistaður?
Ef ég fer eitthvað út þá fer ég nú yfirleitt á matsölustaði og kíki svo kannski á Kalda eða Vínbar.

Kostir?
Það er kostur að vera til og njóta.

Lestir?
Veðrið á Íslandi.

Hver er fyndinn?
Ég er nokkuð viss um að kötturinn minn nái að láta mig hlægja mest :D Hann er stórskrítinn…

Hver er leiðinlegur?
Leiðinlegt fólk, en ég held að ég þekki engann sem er leiðinlegur því ég nenni ekki að kynnast þannig fólki.

Mestu vonbrigðin?
Þessi tvö löngu ár sem heimurinn eyddi í covid-lokanir.

Hver er draumurinn?
Að kaupa risa villu við hafið, í Búlgaríu, með þyrlupalli og minni eigin þyrlu.

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Það hefur nú ekki mikið verið að gerast um og eftir covid en ætli það sé ekki nýja IceQueen hönnunarlínan mín sem er í boði hjá Reykjavik Design. https://rvkdesign.is/vorumerki/icequeen/

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum?
Nei, ekki alveg - það eru einhver eftir enn þá :D

Vandræðalegasta augnablikið?
Þegar ég hitt Bruce Willis og brá svo að ég kom ekki einu eðlilegu orði upp úr mér og vissi varla hvað ég héti…

Mikilvægast í lífinu?
Fjölskyldan, heilsan og ég sjálf.

Súkkulaði-búðingur



– einfaldur og dásamlega góður

Hráefni:

500 ml rjómi

100 g smjör

400 g suðusúkkulaði, gróflega saxað

4 egg

Aðferð:

Bræðið smjör og súkkulaði saman í vatnsbaði og leggið til hliðar. Hrærið í blöndunni reglulega svo hún harðni ekki.

Þeytið egg saman í skál og blandið varlega saman við súkkulaðiblönduna í nokkrum skömmtum, þar til allt hefur blandast vel.

Stífþeytið rjómann og hrærið um það bil helmingi saman við súkkulaðiblönduna, þegar það hefur blandast vel hellið þið restinni af rjómanum saman við. Þetta kemur í veg fyrir að músin verði kekkjótt.

Hellið í desertskálar og geymið í kæli yfir nótt.
Skreytið búðinginn með því sem ykkur þykir best. Hægt er að setja jóla-„twist“ í skreytingar með þeyttum rjóma og piparkökukurli eða muldum jólabrjóstsykri, After Eight-súkkulaði eða því sem ykkur dettur í hug!



NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjötið sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

Síðast, en ekki síst



Texti Svanur Már Snorrason

Vinátta



Að vera vinur í raun er ekki klisja, heldur er vinátta eitt það dýrmætasta sem einstaklingur getur öðlast; sönn vinátta annars eða annarra fylgir manni í gegnum allt lífið og gæðir það meiri dýpt og tilgangi.

Það er ekki hægt að kaupa sanna vináttu, sama hversu mikið fé er í boði – það vita allir sem hafa kynnst sannri vináttu.

Og vináttan er dýrmætust þegar erfiðleikar steðja að, hvort sem um ræðir á barnsaldri, unglingsaldri eða á fullorðinsárum.

Og þá skiptir ekki máli hver vandinn er; sannur vinur yfirgefur ekki vin sinn í raun – svoleiðis gera sannir vinir bara alls ekki.

Erfiðleikarnir sem ég minntist á eru prófsteinn sannrar, raunverulegrar vináttu. Þegar eitthvað bjátar á kemur í ljós hver er sannur vinur í raun og hver ekki – það hef ég í það minnsta reynt og margir aðrir sem ég þekki vel. Sumir átta sig nefnilega ekki á því að það er mikill munur á sannri vináttu og kunningsskap, sem er alls ekkert slæmur, en einfaldlega langt frá því að vera alvöru vinátta.

Hins vegar getur kunningsskapur snúist upp í sanna vináttu, sem betur fer. Og vinátta getur líka, því miður, eyðilagst af ýmsum völdum.

En ég segi hiklaust:

Aldrei afskrifa vin þinn. Vinir rífast og slást, talast ekki við í langan tíma og hugsa oft hvor öðrum þegjandi þörfina.

Svo líður tíminn og þoka gleymskunnar færist yfir og afmáir deilumálin sem voru í raun aldrei neitt neitt.

Svo næst þegar vinirnir sem voru að rífast hittast eftir langan tíma er eins og ekkert hafi í skorist og tíminn staðið kyrr; andartakið verður nútíð, framtíð og fortíð í einni svipan.

Vinátta er djúp og kemst aldrei í tísku og fer heldur aldrei úr tísku.

Vinátta er.

Vinir hvorki velja hvor annan né yfirgefa hvor annan; djúp vinátta er tengsl sem verða ekki rofin, og gera lífið og tilveruna betri og skemmtilegri.

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA





Háfur m/lengjanlegu skafti
5.950 kr.

Bursti
7.900 kr.



Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.



Hitamælir gul önd
2.500 kr.



Hitamælir golfkúla
1.900 kr.



Algjör slökun!



Höfuðpúði
5.900 kr.



Fljótandi „hengirúm". Margir litir
3.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.



Geirslaug
279.000 kr.



Snorralaug
299.000 kr.



Gvendarlaug
189.000 kr.



Unnarlaug
310.000 kr.



Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17



GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100





